

GUÐVARÐUR MÁR GUNNL AUGSSON

## STAFRÉTT EÐA SAMRÆMT?

*Um fræðilegar útgáfur og notendur þeirra<sup>1</sup>*

### 1. Inngangur

TEXTAÚTGÁFUR og útgáfuaðferðir hafa lengi verið til umræðu, bæði hér á landi og meðal fræðimanna austan hafs og vestan. Sem dæmi má nefna að á alþjóðlegu fornsagnaþingi á Helsingjaeyri í Danmörku 1985 voru flutt nokkur erindi um útgáfumál (sjá van Arkel 1985a, Degnbol 1985, Fix 1985, Grimstad 1985 og Knirk 1985, sbr. Haugen 1988), textafræði og útgáfur voru aðalefni málþings í Godøysund í Noregi 1987 (sjá Fidjestøl o.fl. 1988) og á söguþingi í Reykjavík 2002 voru flutt nokkur erindi um heimildaútgáfur (sjá Erla Hulda Halldórsdóttir 2002:113–159).<sup>2</sup> Enn fremur hélt Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi málþing í Reykjavík um „udgivesprincipper og tekstformidling“ í september 2003. Deilur og ágreiningur um útgáfuaðferðir eru þó alls ekki ný af nálinni, t.d. beindi ritdómarinn Henry Nicol athyglinni að stafsetningu fornfranskra texta sem gefnir voru út á síðari hluta 19. aldar (sjá Foulet og Speer 1979:16).

Viðtökurannsóknir og sú stefna sem kölluð hefur verið *nýja fílólógián* áttu efalítið sinn þátt í því að umræðan færðist í aukana fyrir einum til tveimur áratugum, ásamt notkun tölva við rannsóknir og útgáfustarfsemi. Í stuttu máli má segja að umræða síðustu ára hafi fyrst og fremst snúist um tvennt; annars

<sup>1</sup> Pessi grein er að hluta til byggð á fyrirlestrinum „Hvor mange forskellige brugere skal en udgiver tage hensyn til?“ sem haldinn var í boði Forskergruppe ved Senter for høyere studier á málþinginu „Udgivelse av middelaldertekster: Utgivere og brukere“ 28. april 2001 í Det Norske Videnskaps-Akademí í Oslo. Ég þakka ritstjórum Griplu, Aðalheiði Guðmundsdóttur og Haraldi Bernharðssyni kærlega fyrir gagnlegar ábendingar við fyrr gerðir þessarar greinar.

<sup>2</sup> Útgáfumál hafa einnig verið mikil til umræðu í engilsaxneskum löndum, sjá t.d. A. G. Rigg (1977b), A. J. Minnis og Charlotte Brewer (1992), Roberta Frank (1993), D. G. Scragg og Paul E. Szarmach (1994), D. C. Greetham (1995), Katherine O'Brien O'Keeffe (1997) og Vincent P. McCarron og Douglas Moffat (1998). Sjá einnig Susanne Krogh Bender (1977–1978), Erik Gøbel (1987), Søren Balle (1988), Flemming Lundgreen-Nielsen (1989), John Kousgård Sørensen (1989), Jonas Carlquist (1992) og Odd Einar Haugen (1984, 1994, 1995, 2004).

vegar stafsetningu útgáfna og hversu læsilegar þær eigi að vera og hins vegar þá aðferð að prenta aðeins texta eins handrits með lesbrigðum úr öðrum þótt viðkomandi texti sé varðveittur í fjölda handrita. Með öðrum orðum snýst umræðan oft á tíðum um viðhorf til textans, þ.e. hvort texti er stöðugt og óbreytanlegt fyrirbæri eða sábreytilegur (sjá t.d. Szarmach 1994:2).

Í þessari grein verður fjallað um útgáfur norrænna miðaldatexta og íslenskra texta frá síðari öldum. Ekki verður fjallað mikið um hugmyndafræðilegan bakgrunn útgáfuðferða, heldur mismunandi stafsetningu útgáfna og hvort textar eru gefnir út eintexta eða fjöltexta; enn fremur verður rætt um samrunaútgáfur. Markmiðið er að lýsa ástandi og benda á kosti og galla mismunandi útgáfna frá sjónarhóli notenda, en ekki að dæma einstakar útgáfur. Ekki þótti ástæða til að nefna allar útgáfur; það er ekki þar með sagt að þær verðskuldi ekki allar umfjöllun. Í greininni verður einnig vitnað til skoðana fræðimanna í norrænum fræðum á útgáfum sl. eina og hálfra öld — án þess að mat sé lagt á viðhorf þeirra — en fræðimenn eins og Konráð Gíslason, Finnur Jónsson og Jón Helgason voru reyndir útgefendur sem höfðu skoðanir á því með hvers konar aðferðum ætti að gefa út texta og þykir því rétt að gefa viðhorfum þeirra gaum þótt aðstæður hafi um margt breyst frá því þeir voru við störf.

## 2. Útgáfur og notendur

Útgefendur texta verða að gera upp við sig hvaða notendahópi útgáfan er ætluð, þ.e. hvort útgáfan er ætluð almenningi eða öðrum fræðimönnum.<sup>3</sup> Fræðimenn koma úr mismunandi fræðigreinum (skriftarfræði, málfræði, bókmennatafræði, sagnfræði o.s.frv.) og nota eldri texta sem viðfangsefni á ýmsa

<sup>3</sup> Tekið skal fram að í eftirfarandi umfjöllun er orðið *útgefandi* einungis notað um þá sem búa texta til prentunar, rannsaka texta og handrit og semja skýringar og inngang við útgáfur sínar. Hugtakið er því ekki notað um fyrirtækið eða stofnunina sem tekur að sér að kosta útgáfuna og dreifa upplaginu, þ.e. *forlagið*. Reyndar vill Anne Hudson (1977:34–35) skilgreina „edition“ sem eithvað meira en „a simple reproduction of a single manuscript“ sem leiðir hugann að því að sagnorðið *edit* á ensku merkir ekki nákvæmlega það sama og að *gefa út* á íslensku. *Edit* og *editor* ná einnig yfir hugtökum ‘ritstýra’ og ‘ritstjóri’ sem *gefa út* og *útgefandi* ná ekki yfir, en á hinn bóginn nota margir enskumælandi orðið *edition* sfnur yfir það sem kallað er „reproduction“; íslenska orðið *útgáfa* nær hins vegar yfir hvort tveggja. Enn fremur er rétt að taka fram að hugtakið *útgáfa* felur í sér fjölfjöldun eða birtingu, og verður því ekki notað hér í þeiri merkingu að ný útgáfa texta hafi orðið til þegar skrifari lagaði til texta sem hann afritaði (sbr. Hudson 1977:34).

vegu. Jafnframt eru innan hverrar fræðigreinar oft og tíðum uppi ólík viðhorf um það hvernig taka eigi á textum sem viðfangsefni. Sumar fræðigreinar skiptast einnig í undirgreinar sem skipta máli í þessu samhengi, t.d. er ljóst að innan málfræðinnar eru þarfir hljóðkerfisfræðinga og setningafræðinga ekki þær sömu. Útgefendur verða einnig að taka mið af þessum staðreyndum.

Enn fremur þurfa útgefendur að huga að því hvernig texta þeir eru með í höndunum. Það skiptir máli hvort textinn er saga, kvæði, rímur, annáll, lög, máltagi eða bréf. Það er t.d. líklegt að fræðimaður sem rannsakar og gefur út lög eða skjöl (fyrst og fremst fyrir lögfræðinga og sagnfræðinga) hafi áhuga að vita hvernig textinn leit út þegar hann var upphaflega settur á bók, þ.e.a.s. ef hann er aðeins varðveisstur í eftirritum.<sup>4</sup> Öðru máli geginir um miðaldatexta eins og sögur, kvæði og rímur. Í þeim tilvikum er oftast ómögulegt að komast að því hvernig verkið leit út frá hendi þess er fyrstur skráði (a.m.k. hvað varðar íslenskar miðaldabókmennir, sbr. Stefán Karlsson 1979<sup>5</sup> og Jensen 1989: 212) og að mati margra bókmennatafræðinga er ekki síður áhugavert að sjá hvaða viðtökur bókmennatexti hefur fengið hjá lesendum og áheyrendum alveg fram til nútímans, þ.e. hvernig skrifarar og útgefendur hafa meðhöndlað hann.<sup>6</sup>

Það er eðlilegt að meðal sagnfræðinga séu uppi skoðanir um að samruna-útgáfur séu æskilegar, þ.e. þar sem upphaflegur texti er endurgerður, eða þar sem reynt er að komast eins nálgæt honum og unnt er (stofnrit hans endurgert).<sup>7</sup> Peir fræðimenn sem hafa áhuga á sögu, kvæði eða rínum sem höfundarverki eru oft sama sinnis, en aðrir fræðimenn kynnu að vilja fjöltexta útgáfu á sama verki til að sjá hvernig það hefur breyst í meðfórum skrifara (og safnenda og ritstjóra, sbr. Sverrir Tómasson 2002:204) og rannsaka samspil skrifara og lesenda, upplesara og áheyrenda. Sama gildir um svo nefnda „traditionsforskere“, þ.e. þá sem rannsaka hvernig höfundar og fræðimenn fyrri alda hafa notað eldri texta í verkum sínum (sjá Raasted 1968:8), og fræðimenn sem aðhyllast „nýju fflólögíuna“.<sup>8</sup> Samrunaútgáfur eru hins vegar eitur

<sup>4</sup> Breytingar á slíkum textum í meðfórum skrifara geta einnig verið áhugaverðar, t.d. þegar um síðari tíma viðbzætur er að ræða.

<sup>5</sup> Ég þakka Stefáni Karlssyni fyrir að leyfa mér að vitna í óbirtan fyrirlestur sinn.

<sup>6</sup> Peir sem hafa fjallað um útgáfur norrænna texta hafa oftar en ekki eingöngu tekið fyrir bókmennataverk, s.s. sögur og kvæði (sjá t.d. Jørgensen 2002).

<sup>7</sup> Með stofnriti er átt við það handrit sem hægt er að rekja öll varðveisst handrit ákveðins verks til með aðferðum hefðbundinna textarány. Stofnrit getur verið það sama og frumrit (þar sem um það er að ræða) en það verður ekki sannað.

<sup>8</sup> Hér verður ekki fjallað sérstaklega um „nýju fflólögíuna“ en ýmsir hafa fjallað um hana varðandi útgáfu norrænna texta, svo sem Örnólfur Thorsson (1990), Peter A. Jorgensen (1993),

í beinum málfræðinga, enda óska þeir frekar eftir útgáfu á handriti en útgáfu á texta. Í stuttu máli sagt snúast rannsóknir sagnfræðinga um efnið en rannsóknir málfræðinga fyrst og fremst um formið og vandamál geta komið upp vegna þess að þeir sem gefa út texta eru með mismunandi bakgrunn og mismunandi markmið og gefa út fyrir fólk með mismunandi væntingar (sbr. Sørensen 1989:230–233).<sup>9</sup>

Stafsetning útgefinna texta hefur einnig verið til umræðu. Það er eðlilegt að útgáfur fyrir almenning og nemendur séu hafðar auðlæsilegar og einnig þær útgáfur sem ætlaðar eru fræðimönnum sem rannsaka innihald textans. Á hinn bóginn er jafn eðlilegt að sumir málfræðingar og skriftarfræðingar geri kröfur um að stafsetning í útgáfum sé höfð nær því sem er í handritunum sjálfum.

### 3. Flokkun útgáfna

Nokkrir fræðimenn hafa flokkað textaútgáfur til að fá betri sýn yfir margbreytileika þeirra og draga fram nokkur atriði sem eru sameiginleg og önnur sem nota má til að draga þær í dilka. Einn þeirra er Odd Einar Haugen (1995, sjá einnig 1984:56–59) sem hefur flokkað útgáfur á kerfisbundinn hátt eftir tveimur atriðum: Í fyrsta lagi miðar hann við hvernig textinn er gefinn út, einkum hvers konar stafsetning er notuð („tekstreproduksjon“) og í öðru lagi hvers konar texti er gefinn út sem mætti kalla textaval („tekstseleksjon“).<sup>10</sup>

Kirsten Wolf (1993), Jürg Glauser (1997), Jon Gunnar Jørgensen (2002) og Sverrir Tómasson (2002), sjá einnig Odd Einar Haugen (2000). Það má geta þess hér að hugtakið *ný filológi* er ekki nýtt, það var t.d. notað á fjórða áratug 20. aldar um skoðanir ítalskra fræðimanna sem gagnrýndu þáverandi útgáfuhefð í klassískri og rómanskri filológi. Pessir „nýju textafræðingar“ höfðu mikil áhrif á Ítalfu þótt þeir gengju reyndar alls ekki eins langt í gagnrýni sinni og Frakkarnir Joseph Bédier og Henri Quentin (sjá Foulet og Speer 1979:32–33). Af þessum sökum er óheppilegt að tala um „nýja filológi“, auk þess sem einhvær tíma verður nýtt gamalt. Þá er heitið einnig óheppilegt vegna þess að með því er gefið í skyn að hér sé um nýja og sjálfstæða fræðigrein að ræða en ekki aðeins önnur viðhorf innan gamallar fræðigreinar.

<sup>9</sup> Flemming Lundgreen-Nielsen telur upp þá sem gefa út texta í Danmörku (1989:241): „Det er universitets- og læreanstaltansatte forskere, dansklærere, privatlærere og kulturjournalister — samt disse kategorier i pensionstilstand. Rekrutteringen af udgivere er i reglen bredere ved litterære projekter end ved sprogligt orienterede værker. Og det er også velmenende amatører, som desværre kan gøre skade, når de med en upprofessionel udgave blokerer for en bedre i árevns, altså til bogudsalgene eller papirmøllen har fået deres.“

<sup>10</sup> Að auki er hægt að flokka útgáfur eftir því sem fylgir textanum, þ.e. lesbbrigðum, skýringum og athugasemendum (sbr. t.d. Rigg 1977b:3).

Haugen flokkar fyrst eftir „tekstreproduksjon“, þ.e.a.s. eftir ‘stafsetningarstigi’, ef svo má að orði komast (1995:71–78). Hann nefnir 6 stig í stafsetningu án þess að flokka þau nánar, en hér á eftir hefur þessari flokkun verið breytt og hún gerð nákvæmari. Myndirnar sem fylgja eru úr AM 551 a 4to (bl. 24v) og dæmin um mismunandi stafsetningu eru öll uppskrift á textanum á myndunum; textabúturinn er úr Grettis sögu.

### *Mismunandi útgáfur á handriti*

#### I. *Ljósprentuð útgáfa:*

1. *Ljósprentuð útgáfa* eftir ljósmyndum teknum í útfjólublau ljósi, sjá mynd á bls. 202 (sbr. Jón Helgason 1958:Ljósmyndir milli 116. og 117. bls.).
2. *Ljósprentuð útgáfa* eftir hefðbundnum ljósmyndum, sjá mynd á bls. 203.

#### II. *Táknrétt útgáfa:*<sup>11</sup>


Öll tákn (stafir, bönd og önnur tákn), sem koma fyrir í handriti, eru prentuð. Gerður er greinarmunur á mismunandi *d, f, r, s* og *v* (‘d’ : ‘ð’, ‘f’ : ‘f’, ‘r’ : ‘r’, ‘s’ : ‘f’ og ‘v’ : ‘þ’) og ekki er leyst upp úr böndum og skammstöfunum. Þessum flokki má skipta í tvennt, þ.e. annars vegar „venjulega“ stafagerð og hins vegar í stafbrigðaréttu útgáfu þar sem gerð er tilraun til að fylgja stafagerð og stafbrigðum handritsins mjög náið. Slíkt er þó afar erfitt því að það verður alltaf matsatriði hve langt eigi að ganga í að fylgja handritinu, auk þess sem búa verður til mjög marga stafi í tölvuleturgerðum ef vel á að vera.<sup>12</sup>

#### *II:1 Stafbrigðarétt útgáfa*

Ecþi liet bondi heý t sín það hñm þortí œxið û e' þ heyði hñð   uau ute  
Gr laa þyi z hæði f° hñgi Gla saa ad hñg  n u laa J sceti  z r e  ñ J  ep   
þbalan  z þ  J p ll n stun  pa t. Gr sp ndi J stoc en z g  þ hñgi Gla  
hnych tu ana  s n m lu pa ta z b p z hñgi p ll n

<sup>11</sup> Ég hef áður (2001:96) lagt til að notuð yrðu orðin *táknréttur* og *staftáknréttur* um ákveðnar gerðir af útgáfum og uppskriftum. Orðið *bandréttur* hef ég lagt til að verði notað til að lýsa útgáfu (uppskrift) þar sem böndin eru prentuð en útgáfan er samt ekki táknrétt að öðru leyti. Ég þakka Stefáni Karlssyni fyrir aðstoð við að finna heppileg orð á íslensku yfir mismunandi útgáfur.

<sup>12</sup> Rétt er að taka fram að þegar texti handrits er skrifðar upp fer fram túlkun. Þegar útgefandi k s að fylgja handritinu mj g n i  er túlkunin l til, en eykst eftir því sem stafsetningin fjarl g ist rith tt handritsins.



AM 551 a 4to, bl. 24v. Handritið var myndað í útfjóubláu ljósi og gefið út ljósprentað (Jón Helgason 1954) og er þetta ljósmynd af síðu í þeirri útgáfu. Ljósm. Jóhanna Ólafsdóttir.

### II:2 Táknrétt útgáfa („venjuleg“ stafagerð)

Eckí liet bondi heýr t sín það lím þottí æríd û é h heyði huð um uað ute  
Gr laæ kyi z hæði l° hugi Gla saa ad higgā nu: laa J lætin⁹ z ræð n⁹ Jn⁹ ept⁹  
skalanū z þf J fellðin stuñð faſt. Gr spndi J stocken⁹ z g þ hugi Gla  
hnyck ti anað sín mlu faſta z bífziz hugi fell⁹ in

### III. Stafrétt útgáfa:

1. *Staftáknrétt útgáfa*: Sams konar útgáfa og táknrétt útgáfa, nema hvað leyst er upp úr böndum og skammstöfunum og auðkennt (með skáletri eða á annan hátt) hvernig það er gert.
2. *Stafrétt útgáfa*: Ekki er tekið tillit til þátta sem eru eingöngu skriftarlegir, þ.e. ekki er gerður greinarmunur á mismunandi d, f o.s.frv. Upplausn banda og skammstafana er auðkennd.<sup>13</sup>
3. Sams konar útgáfa, en upplausn banda er ekki auðkennd, þótt oft sé sýnt hvað leyst er upp úr skammstöfunum.

### III:1 Staftáknrétt útgáfa

Eckí liet bondi heýra til sín þuað honum þottí æríd um e: hann heyði  
huð um uað ute  
Gr(ettii) laæ kyu ok hæði sik hue:gi Gla(mu:) saa ad huggā nocku:  
laa J lætinu ok ræðdu: nu Jnæ eptu:  
skalanum ok þreif J fellðin stuñða: faſt. Gr(ettii) spynði J stockenn ok  
geck þui hue:gi Gla(mu:) hnyck  
ti anað sinn miklu faſtaru ok bífadiz hue:gi fellð>u:n

<sup>13</sup> Aldur handrita ræður nokkru um hvaða skriftarþættir hafa hljóðkerfislega þýðingu. Hér er munur ‘f’ og ‘s’ skriftarlegs eðlis en í elstu handritum gæti hann verið hljóðkerfislegur.



AM 551 a 4to, bl. 24v. Ljósm. Jóhanna Ólafsdóttir.

### *III:2 Stafrétt útgáfa*

Ecki liet bondi heyra til sín þuiad honum þottí æríd um er hann heyrdi  
huad um uar ute  
Gr(ettir) laa kyrr ok hræ<r>di sik huergi Gla(mur) sæ ad hrugã nockur  
laa J sætinu ok rædur nu Jnar eptir  
skalanum ok þreif J felldin stundar fast. Gr(ettir) spryrndi J stockenn  
ok geck þui huergi Gla(mur) hnyck  
ti anad sinn miklu fastara ok bifadiz huergi fell<d>urin

### *III:3 Stafrétt útgáfa án auðkenningar*

Ecki liet bondi heyra til sín þuiad honum þottí æríd um er hann heyrdi  
huad um uar ute  
Gr(ettir) laa kyrr ok hræ<r>di sik huergi Gla(mur) sæ ad hrugã nockur  
laa J sætinu ok rædur nu Jnar eptir  
skalanum ok þreif J felldin stundar fast. Gr(ettir) spryrndi J stockenn  
ok geck þui huergi Gla(mur) hnyck  
ti anad sinn miklu fastara ok bifadiz huergi fell<d>urin

### *IV. Útgáfa með létsamræmdri stafsetningu:*

1. Útgáfa þar sem upphafsstafir og greinarmerkjasetning hefur verið samræmd, en auðkennt er hvernig leyst er upp úr böndum og skammstöfunum.
2. Sams konar útgáfa, en upplausn banda er ekki auðkennd, þótt sýnt sé hvað leyst er upp úr skammstöfunum.

### *IV:1 Létsamræmd stafsetning*

Ecki liet bondi heyra til sín þuiad honum þottí æríd um er hann heyrdi  
huad um uar ute. Gr(ettir) laa kyrr ok hræ<r>di sik huergi. Gla(mur) sæ  
ad hrugã nockur laa j sætinu ok rædur nu jnar eptir skalanum ok þreif

j felldin stunndar fast. Gr(ettir) spryndi j stocken ok geck þui huergi. Gla(mur) hnyctti anad sinn miklu fastara ok bifadiz huergi fell(d)urin.

#### *IV:2 Létsamræmd stafsetning án auðkenningar*

Ecki liet bondi heyra til sín þuiad honum þottí ærid um er hann heyrði huad um uar ute. Gr(ettir) laa kyrr ok hræ(r)di sik huergi. Gla(mur) saa ad hrugða nockur laa j sætinu ok rædur nu jnar eptir skalanum ok þreif j felldin stunndar fast. Gr(ettir) spryndi j stocken ok geck þui huergi. Gla(mur) hnyctti anad sinn miklu fastara ok bifadiz huergi fell(d)urin.

#### *V. Útgáfa með samræmdri stafsetningu:*

1. Útgáfa með stafsetningu sem er samræmd til málstigs skrifarans. Skipta má þessum flokki í tvennt: a) Annars vegar þar sem stafsetning skrifara er einungis samræmd án þess að tillit sé tekið til uppruna orða (t.d. prentað ‘d’ í stað ð ef skrifari notar ekki ð eða prentað ‘nn’ á undan d vegna þess að þannig er hljóðasambandið nd stafsett í handriti í meirihluta tilvika) og b) hins vegar þar sem stafsetning skrifara er einnig stöðluð, þ.e. tekið mið af uppruna orða, um leið og hún er samræmd (t.d. prentað ‘ð’ þótt skrifari noti það ekki) eins og oftast er gert (sjá kafla 4.6.2).<sup>14</sup>
2. Útgáfa með samræmdri stafsetningu formáls (oftast frá um 1200).
3. Útgáfa með nútíma stafsetningu.

#### *V:1 Samræmd stafsetning til málstigs skrifarans (óstöðluð)*

Ecki liet bonndi heyra til sín þuád honum þotti ærid um er hann heyrði huad um uar uti. Grettir laa kyrr ok hrærdi sik huergi. Gláumur saa ad hruga nockur laa j sætinu ok rædur nu innar eptir skalanum ok þreif j felldin stunndar fast. Grettir spryndi j stockin ok geck þuí huergi. Gláumur hnyctti annad sinn miklu fastara ok bifadiz huergi felldurin.

<sup>14</sup> Hér er þessi óstaðlaða stafsetning sett fram til að sýna að möguleikar á að samræma stafsetningu eru fleiri en oftast er rætt um. Samræming af þessu tagi skapar þó ný vandamál því að bað liggr alls ekki í augum uppi í öllum tilvikum hvernig á að samræma stafsetningu skrifara án þess að staðla hana um leið. Hér er aðeins sett fram ein tillaga að slíkrri samræmingu.

*V:1 Samræmd stafsetning til málstigs skrifarans (stöðluð)*

Ekki lét bóndi heyra til sín því að honum þótti ærið um er hann heyrði hvað um var úti. Grettir lá kyrr ok hrærði sik hvergi. Glámur sá að hrúga nökcur lá í sætinu ok ræður nú innar eptir skálanum ok þreif í feldinn stundar fast. Grettir spryrndi í stokkinn ok gekk því hvergi. Glámur hnykkti annað sinn miklu fastara ok bifáðiz hvergi feldurinn.

*V:2 Samræmd stafsetning forn (sbr. Íslenzk fornrit VII:120)*

Ekki lét bóndi heyra til sín, því at honum þótti ærið um, er hann heyrði, hvat um var úti. Grettir lá kyrr ok hrærði sik hvergi. Glámr sá, at hrúga nökcur lá í sætinu, ok ræður nú innar eptir skálanum ok þreif í feldinn stundar fast. Grettir spryrndi í stokkinn, ok gekk því hvergi. Glámr hnykkði annat sinn miklu fastara, ok bifáðisk hvergi feldrinn.

*V:3 Nútímastafsetning (sbr. Íslendinga sögur og þættir (2):1010)*

Ekki lét bóndi heyra til sín því að honum þótti ærið um er hann heyrði hvað um var úti. Grettir lá kyrr og hrærði sig hvergi. Glámur sá að hrúga nokkur lá í sætinu og ræður nú innar eftir skálanum og þreif í feldinn stundar fast. Grettir sprynti í stokkinn og gekk því hvergi. Glámur hnykkti annað sinn miklu fastara og bifáðist hvergi feldurinn.

Odd Einar Haugen (1995:81–94) flokkar útgáfur einnig eftir því sem hann kallar „tekstseleksjon“ og mætti kalla *textaval*. Um er að ræða hvort útgefandi prentar texta eins handrits eða fleiri (hlið við hlið) eða hvort hann endurgerir textann skv. vitnisburði helstu handrita.

*Textaval*

- I. *Eintexta útgáfa* = texti eins handrits (þess „besta“) er prentaður og lesbrigði úr öðrum (ef vill).
- II. *Fjöldexta útgáfa* = texti tveggja eða fleiri handrita er prentaður hlið við hlið, með eða án lesbrigða, þ.e.a.s. eintexta útgáfa af texta hvers handrits.
- III. *Samrunaútgáfa* = frumrit eða stofnrit (erkirit) er endurgert og prentað, með eða án lesbrigða.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir hverri gerð fyrir sig, bæði mismunandi útgáfum á handriti og textavali. Fjallað verður um kosti og galla hverrar gerðar og skoðanir fræðimanna fyrir og nú á einstökum gerðum.

## 4. Mismunandi útgáfur á handriti

### 4.1 Ljósprentaðar útgáfur

#### 4.1.1 Inngangur

Ljósprentaðar útgáfur komast næst handritinu sjálfu, sérstaklega þær yngri þar sem ljósmynda- og prenttæknin er allgóð og flestir drættir og blettir handritsins sjást, en lengi vel — og jafnvel enn — sáust ekki fínustu drættir í ljósprentuðum útgáfum og stundum sést bakhlið blaðsíðunnar í gegn, jafnvel það vel að hún truflar lestarinn. Í svarthvínum útgáfum er einnig vandasamt eða ómögulegt að sjá litarmun á bleki og þar af leiðandi er erfitt að gera greinarmun á upphaflegri skrift og síðari tíma viðbótum, nema um sé að ræða áberandi mun á skriftarlagi.

Ég skipti þessum flokki í tvennt, þ.e. í ljósprentaðar útgáfur eftir myndum sem teknar hafa verið í útfjólubláu ljósi — vegna þess að slíkar myndir sýna langoftast meira en greina má með berum augum — og ljósprentaðar útgáfur eftir hefðbundnum ljósmyndum.<sup>15</sup> Ljósmyndun í útfjólubláu ljósi er ljósmyndun við aðrar aðstæður en venjuleg ljósmyndun, en prenttæknin er hin sama á hverjum tíma, og útkoman er ljósmynd sem sýnir pennadrætti og annað því um líkt sem sést að jafnaði ekki í handritinu sjálfu með berum augum.<sup>16</sup>

Í umfjöllun sinni um ljósprentaðar útgáfur tekur Odd Einar Haugen (1995:71–72) nokkur dæmi, þar á meðal útgáfu á AM 674 a 4to frá 1869 (sjá *Det Arnamagnæanske Haandskrift*) sem er fyrsta ljósprentaða útgáfan á

<sup>15</sup> Verið er að þróa tækni til að lesa uppskafninga og sjá það sem skafið hefur verið út og skrifað yfir (sjá t.d. *Rinascimento Virtuale project*). Þegar sú tækni verður aðgengileg má búast við að undirflokkum ljósprentana fjölgí.

<sup>16</sup> Einnig hefði verið hægt að skipta þessum flokki í ljósprentun í lit og ljósprentun í svarthvítu, en nokkur handrit hafa verið gefin út ljósprentuð í lit á síðustu árum. Það er hins vegar ekki gert vegna þess að hægt er að líta svo á að prentun í lit sé aðeins liður í þróun prentgæðanna frá ljóssteinprenitinu, þar sem sífellt meira af handritunum sést betur í ljósprentuðum útgáfum, en þó ekki meira en mannlegt auga greinir í handritinu sjálfu og í reynd sjaldnast svo mikil. Skarðsbók Jónsbókar (AM 350 fol) var ljósprentuð í lit 1981 (sjá *ÍM* I), en áður höfðu sýnishorn úr handritum verið litprentuð, t.d. gaf Halldór Hermannsson (1935) út 24 sýnishorn úr 11 handritum í lit.

norrænu handriti. Sama ár var Piðriks saga af Bern (Sth perg 4 fol) gefin út í 10 eintökum (*Palæografisk Atlas*:v). Hér er um að ræða ljóssteinprentun (fotolitografi), en útgáfa Ludv. F. A. Wimmers og Finns Jónssonar (1891) á Konungsþók eddukvæða (GKS 2365 4to) virðist hins vegar vera fyrsta ljósprentaða útgáfan á norrænu handriti í nútímaskilningi þess orðs.

Dæmi um ljósprentaða útgáfu eftir ljósmyndum teknum í útfjólublau ljósi er útgáfa Jóns Helgasonar (1954:vii) á AM 551 a 4to. Eldri er þó útgáfa á Ræðu Sverris gegn biskupum sem Anne Holtsmark (1931) sá um en hún létt mynda dekkstu blettina í útfjólublau ljósi í Prándheimi. Hún gaf handritið (AM 114 a 4to) út stafrétt (flokkur III:2) og ljósprentað (bl. 3v–9r) og nokkur sýnishorn að auki sem tekin höfðu verið í útfjólublau ljósi (1931:22, [66]).<sup>17</sup>

#### 4.1.2 Tæknivandræði á 19. öld

Á fyrstu árum ljósprentunar var tækni af ýmsu tagi reynd, t.d. segir Gustav Storm (1893:(25)–(26)) að ljósmyndir af handritsbrotum úr Ólafs sögu helga, sem hann gaf út, „blev overførte ved Zinkætsning og derigjennem gjort brugbare til Trykning“.

Pað kann að vera vafamál hvort flokka á ljóssteinprentun með ljósprentun eða steinprenti (sjá kafla 4.2) vegna þess að fyrir kom að útgefendur þurftu að laga myndina fyrir prentun, sbr. eftirfarandi orð útgefenda fyrrnefndrar útgáfu á AM 674 a 4to (*Det Arnamagnæanske Haandskrift*:[vi]–[vii]):

Derhos er Skriften paa sine Steder nu bleven saa afbleget, at det fotografiske Aftryk har krævet en nødvendig Efterhjælp, medens man paa det første Blad ved kemiske Midler har kunnet lade Skriften fremtræde noget tydeligere end i selve Haandskriftet ...

Pað má því segja að eftirgerðin sé líkari því sem ætla má að handritið hafi verið þegar það var nýtt (sbr. Jón Helgason 1958:111). Gustav Storm virðist einnig hafa verið í vandræðum er hann gaf Hirðskrá í Codex Tunsbergensis (NKS 1642 4to) út ljóssteinprentaða 1895. Hann segir að handritið hafi verið ljósmyndað 1885 og næstu ár á eftir. Því næst hafi ljósmyndirnar, sem búið var að flytja yfir á pappír, verið bornar saman við frumritið og „korrigerede“; ljóssteinprentunin var síðan fullgerð og bókin prentuð (*Hirdskraa*:[iv]). Petta hlýtur að merkja að myndirnar hafi ekki sýnt allt sem sást í handritinu og þess vegna hafi útgefandi orðið að strika í myndirnar.

<sup>17</sup> Jón Helgason notaði kvartslampa við að lesa Völuspá í Hauksbók (AM 544 4to) vegna útgáfu kvæðisins (1951a:39, 1953).

#### 4.1.3 Not

Ljósprentaðar útgáfur gefa einna besta hugmynd um handritið sem *hlut* og ekki bara texta en þeim fylgir sá ókostur að alþýða manna á erfitt með að lesa þær án þjálfunar í handritalestri. Ljósprentaðar útgáfur eru því varla fyrir aðra en skriftarfræðinga — nema þeim fylgi uppskrift sem var sjaldgæft lengi vel. Auðvitað geta aðrir fræðimenn haft not af þeim, en þær geta þrátt fyrir það tæplega talist æskilegasta útgáfuformið fyrir þá. Auk þess eru ljósprentaðar útgáfur oftast nær mjög dýrar og tiltölulega fá handrit hafa verið gefin út á þann hátt. Stafræn myndataka hefur þó breytt miklu hvað þetta varðar og nú er hægt að nálgast nokkuð mörg handrit á Veraldarvefnum, sjá t.d. *Sagnanet*, Stafrænt handritasafn og Elektra – *e*-manuskriptar.

#### 4.2 Koparstungur og steinprint

Koparstungur og steinprint skipta að sjálfsögðu engu máli sem útgáfuaðferð nú til dags, en eru nefnd hér vegna þess að slískar eftirmyn dir af handritum hafa frá því seitn á 18. öld þótt prýða útgáfur þótt einungis hafi verið um að ræða lítil sýnishorn (sbr. Jón Helgason 1958:111), auk þess sem þessar aðferðir liggja á milli ljósprentunar og táknréttar útgáfu. Sunnar í álfunni voru koparstungur af skriftarsýnishornum notaðar til skreytingar í bókum á 17., 18. og 19. öld (sjá t.d. Rumble 1994:41). Aðferðin fólst í því að handverksmenn teiknuðu myndir sem síðan voru unnar á koparplötu eða steinplötu og svo prentaðar.

Koparstungur af nokkrum línum úr fjórum Konungsskuggsjáhandritum eru prentaðar í útgáfu Hálfdanar Einarssonar (1768:titilblað, [v], xi, xxv), þ.e. AM 243 a fol (5va1–6), AM 243 e fol (49v1–5), AM 243 f fol (42r4–8) og AM 243 1 fol (14v1–5). Koparstunga af Langfeðgatali frá Nóa til vorra konunga, þ.e. einni blaðsíðu úr AM 415 4to (bl. 12r), er í útgáfu Jacobs Langebeks á ritum um danska miðaldakonunga (1772:milli 4. og 5. bls.). Nokkuð mörg sýnishorn af norrænum handritum voru prentuð sem koparstungur á tímabilinu 1770–1840 og mörg önnur voru prentuð sem steinprint 1840–1890, þau elstu þó sennilega í *Antiquitates Americanæ* frá 1837.

Pótt viðkomandi teiknarar hafi lagt sig fram um að endurskapa fyrirmyn dirnar verða eftirmyn dirnar aldrei alveg eins og frummyndirnar (sbr. Finnur Jónsson 1918:38 og Guðvarður Már Gunnlaugsson 2000:24). Koparstungur og steinprint eru því túlkun teiknara. Hins vegar var ekki þörf á dráthögum mönnum við gerð ljóssteinprints, þar sem ljósmynd var varpað á steinplötu, og verður því að telja ljóssteinprint til ljósprentunar þótt eftirgerðin hafi ekki

verið jafngóð og síðar varð (sjá *Palæografisk Atlas*:v) og stundum hafi þurft að skýra myndirnar eins og áður hefur komið fram. Koparstungur og steinprent eru þó oft svo nákvæmar eftirmyn dir að þær gagnast skriftarfræðingum eins og ljósprent.

#### 4.3 Táknréttar útgáfur

##### 4.3.1 Inngangur

Sem dæmi um táknréttar útgáfur („faksimiletrykk“) nefnir Odd Einar Haugen (1995:72) útgáfu Verners Dahlerups (1880) á Ágripi af Noregskonungasögum (AM 325 II 4to). Slíkar útgáfur eru sjaldgæfar, og er oftast um að ræða prufur fyrir tíma góðra ljósprentaðra útgáfna. Konráð Gíslason (1846:iv–cviii) prentar u.p.b. 130 táknrétt sýnishorn úr 29 handritum í innganginum að málfræðiriti sínu, auk nokkurra seðla Árna Magnússonar. Þessi háttur er í samræmi við skoðanir Konráðs, eða eins og hann segir (1846:ii):

Í fyrsta lagi ætti að prenta allar helztu skinnbækur, án þess að neinu væri breytt, svo að blaðsíða svaraði blaðsíðu, lína línu, orð orði, stafur staf, band bandi, púnktur púnkti, og allt eptir því; þess kyns útgáfur eru nauðsynlegar handa þeim, er leggja stund á málið, en hafa ekki sjálf handritin.<sup>18</sup>

Um svipað leyti voru 9 táknrétt sýnishorn af griða- og tryggðamálum í Konungsþók Grágásar (GKS 1157 fol), Staðarhólsþók Grágásar (AM 334 fol) og Skarðsþók Jónsbókar (AM 350 fol) prentuð í *Íslendinga sögum* (II:485–493). Í táknréttum útgáfum er línu- og síðuskipting oftast sýnd, og oft er textinn settur upp eins og í handritinu sem prentað er eftir, það gerir t.d. Dahlerup (1880), en reyndar er línu-skipting handritanna í *Íslendinga sögum* ekki sýnd. Í fyrsta bindi *Íslendinga saga* (1843) höfðu reyndar verið prentuð sýnishorn sem eru bandrétt en geta samt vart talist táknrétt.<sup>19</sup> Handskrifus ð uppskrift Jóns Helgasonar á Hundabréfinu í Kóngsbókinni (Sth perg 33 4to) er og táknrétt (1951b:ljósmynd milli 110. og 111. bls.).

<sup>18</sup> Peter Andreas Munch var sama sinnis og Konráð að því er kemur fram í bréfum hans (sjá Haugen 1994:149–150).

<sup>19</sup> Um er að ræða útgáfu á *Íslendingabók* (AM 113 b fol), predikun úr Íslensku hómilúbókinni (Sth perg 15 4to) og Reykjaholtsmáldaga (*Íslendinga sögur* I:362–383, 385–392). Ekki er gerður greinarmunur á ‘f’ og ‘f’, ‘d’ og ‘ð’, ‘y’ og ‘ý’, ‘i’ og ‘í’, ‘r’ og ‘í’, en hins vegar er

### 4.3.2 Not

Andrea van Arkel-de Leeuw van Weenen (1987) gaf út orðasafn Möðruvallabókar (AM 132 fol) og fylgdi því táknrétt uppskrift alls handritsins. Áður hafði hún rætt um notkun tölva við útgáfur þar sem hún mælti með táknréttum útgáfum, t.d. að útgefendur gætu — a.m.k. í sumum tilvikum — gert tvær útgáfur samtímis, aðra táknréttu og hina með samræmdri stafsetningu. Hins vegar mælti hún ekki með „graphetic transcription“ nema því aðeins að viðkomandi fræðimaður væri að rannsaka skrift (1985a:32–33), en þar á hún við stafbrigðaréttar uppskriftir (flokkur II:1). Prátt fyrir það mælti hún með að í textabanka, sem rætt var um að stofna, yrðu einnig geymdar stafbrigðaréttar uppskriftir (1985b:43).

Táknréttar útgáfur eru sjaldgæfar, eins og áður sagði, og fræðimenn sem fjalla um útgáfuaðferðir nefna þær sjaldnast (sjá þó Foulet og Speer 1979:43). Þær eru erfiðar aflestrar og gera miklar kröfur til útgefenda, setjara og prófarkalesara. Vandséð er hverjum slíkar útgáfur þjóna (sbr. Haugen 1995:78–79), því að skriftarfræðingar þurfa fyrst og fremst á ljósprentuðum útgáfum að halda og málfræðingum nægir stafréttar útgáfur. Táknréttar og stafbrigðaréttar rafrænar uppskriftir nýtast þó skriftarfræðingum vel við rannsóknir á notkun einstakra tákna.

## 4.4 Stafréttar útgáfur

### 4.4.1 Inngangur

Staftáknréttar útgáfur eru ekki óalgengar, a.m.k. áður en farið var að beita ljósprentunartækninni skipulega. Sem dæmi um slíkar útgáfur má nefna útgáfu Carls af Petersens (1882) á Jómsvíkinga sögu (AM 291 4to) og Ludvigs Larssons (1883) á elsta hluta GKS 1812 4to. Odd Einar Haugen nefnir útgáfu Oscars Alberts Johnsens (1922) á Ólafs sögu helga sem dæmi um staftáknréttu útgáfu („strengt diplomatarisk utgáve“) og sem dæmi um stafréttu útgáfu („diplomatarisk utgáve“) nefnir hann útgáfu Magnusar Rindals (1981) á Barlaams sögu og Jósafats; hér er átt við flokk III:2 (1995:74, 76). Pótt útgáfa Johnsens flokkist sem staftáknrétt, öðru fremur, er samt ekki gerður greinar-

gerður munur á ‘m’ og ‘ω’, ‘v’ og ‘p’ og ‘s’ og ‘f’, hásteflingar eru prentaðir og ‘ŋ’ fyrir /ng/. Hástafir eru samræmdir í Íslendingabók og sett eru inn greinarmerki í Reykjaholtsmáldaga. Finnur Magnússon talar í formála þessarar útgáfu, sem Jón Sigurðsson vann að mestu, um „det nöiagtige Aftryk“ á Íslendingabók eftir uppskriftum Jóns Erlendssonar (*Íslendinga sögur* I:xi, xliv).

munur á ‘f’ og ‘r’ og ‘v’ og ‘þ’ í henni. Í staftáknréttum útgáfum er línu- og síðuskipting oftast sýnd, það gera t.d. af Petersens (1882) og Larsson (1883), og stundum er textinn settur upp eins og í handritinu. Staftáknréttar útgáfur hafa einnig verið notaðar þegar texti illlæsilegra handritsbrota hefur verið gefinn út í tímaritum eða öðrum safnritum, sjá t.d. útgáfu Jóns Helgasonar (1984) á broti úr Konungsskuggsjáhandriti (AM 655 XXVIII B 4to), þótt Jón prenti að vísu ‘i’, ‘d’ og ‘f’ í stað ‘í’, ‘ð’ og ‘f’. Stafréttar útgáfur (III:2) eru þó algengari en staftáknréttar, sjá t.d. útgáfu Jóns Helgasonar (1952) á blaði úr Heiðarvíga sögu (Lbs frg 1).

Nokkrar útgáfur Árnastofnunar í Reykjavík eru stafréttar, þ.e. falla í þriðja flokk (III:1, III:2 og III:3). Útgáfa á Elucidarius (Firchow og Grimstad 1989) er staftáknrétt (III:1), þótt prentað sé ‘f’ fyrir ‘þ’. Gyðinga saga (Wolf 1995) fellur í flokk III:2, sem og Jónatas ævintýri og Jónatas saga (Jorgensen 1997). Andrea de Leeuw van Weenen (1993) gaf út Íslensku hómilíubókina og flokkast sú útgáfa einnig í III:2, þótt gerður sé greinarmunur á ‘s’ og ‘l’ en þar getur verið um hljóðkerfislegan mun að ræða. Enn fremur fellur útgáfa Peters A. Jorgensens (1997) á Jónatas rínum í flokk III:3.

Nýleg útgáfa á Konungsþók eddukvæða er ljósrentun og uppskriftir sem er annars vegar staftáknrétt og hins vegar með nútímafsetningu (III:1 og V:3) (sjá *ÍM* III) og útgáfa Ludv. F. A. Wimmers og Finns Jónssonar (1891) á sama handriti er einnig ljósrentun og uppskrift sem fellur í flokk III:1.

#### 4.4.2 *Not*

Útgáfuhefð getur verið æði misjöfn eftir löndum, t.d. er löng hefð fyrir því í Danmörku að miðaldatextar séu gefnir út stafrétt og upplausn banda sýnd (flokkur III:2) (sjá Frederiksen 1997:25–26) og sama gildir um danska texta frá síðari oldum (sjá Lundgreen-Nielsen 1989:243–244). Alfred Foulet og Mary Blakely Speer (1979:43–44) tala um „strictly diplomatic“ útgáfur sem geta verið þess eðlis sem hér er kallað staftáknréttar eða stafréttar útgáfur (sjá einnig Knirk 1985:603). Þau segja að aðalgagnið, sem hafa megi af slíkum útgáfum, sé að uppskriftir af þessu tagi fylgi oft ljósmyndum í handbókum í skriftarfræðum. Sumum fræðimönnum finnst útgefendur ganga of langt í að prenta sérkenni handritsins og að of mikil virðing sé borin fyrir handritunum sem geti leitt til þess að reynt sé að prenta öll sérkenni handrita, t.d. hvernig skipt er á milli lína (Hudson 1977:38), en í flestum tilvikum er það sjálfsagt ef um stafréttu útgáfu er að ræða.

Staftáknréttar útgáfur (III:1) eru varla nokkrum til verulegs gagns, nema

e.t.v. sem uppskrift sem fylgir ljósprentuðum útgáfum til að auðvelda fólk að lesa ljósmyndirnar. Málfræðingum nægir hins vegar stafréttar útgáfur með auðkenndri upplausn banda (III:2) en þær eru nauðsynlegar ef rannsaka á hljóðkerfi og beygingar í handriti svo að vel sé (sjá t.d. Kjartan G. Ottósson 1988:130 og Haraldur Bernharðsson 1997:257). Ef upplausn banda er hins vegar ekki sýnd (III:3) geta tapast upplýsingar um hljóðkerfi og beygingar svo að útgáfur af því tagi eru síður æskilegar fyrir málfræðinga.

#### *4.5 Útgáfur með létt samræmdri stafsetningu*

##### *4.5.1 Inngangur*

Útgáfur sem hér flokkast sem útgáfur með létt samræmdri stafsetningu eru oft kallaðar stafréttar, en það er ekki réttnefni vegna þess að útgefendur samræma ákveðna þætti sem geta haft áhrif á merkingu textans. Samræmd greinarmerkjasetning veldur því t.d. að setningaskipun útgáfunnar verður að einhverju leyti túlkun útgefandans; í flestum tilvikum liggr auðvitað í augum uppi hvernig á að samræma greinarmerki eða þá að það breytir ekki merkingu þótt punktur sé settur frekar á einn stað en annan, en í sumum tilfellum getur það verið orpið vafa og þá verður útgefandinn að velja og hafna, þ.e. túlka. Um leið og greinarmerki eru samræmd er stundum settur hástafur í upphafi málsgreina. Einnig getur verið túlkunaratriði hvort sum orð eru sérnöfn eða ekki, þ.e. hvort hafa eigi hástaf í framstöðu eða ekki. Margir útgefendur samræma hástafi í sérnöfnum en ekki upphafi málsgreina í útgáfum sem annars myndu flokkast sem stafréttar (III:2 eða III:3), t.d. gerir Finnur Jónsson það í útgáfu sinni á Hauksbók (AM 371 4to, AM 544 4to og AM 675 4to) (*Hauksbók*:lxii) og einnig Bjarni Einarsson (1977:ix) í útgáfu sinni á Hallfreðar sögu. Aðrir útgefendur láta greinarmerkjasetningu handritsins halda sér en bæta við greinarmerkjum innan oddklofa þar sem þeim finnst þess þurfa til að auðvelda lesendum lestarinn, svo sem Matthew James Driscoll (1992: clxvi) í útgáfu sinni á Sigurðar sögu þögla, en útgáfa hans er með létt samræmdri stafsetningu (IV:2).

Odd Einar Haugen (1995:76) nefnir sem dæmi um „lett normalisert utgåve“ Skálholtsbók yngstu (AM 81 a fol) sem Albert Kjær og Ludvig Holm-Olsen (1910–1986) gáfu út. Pessar útgáfur falla reyndar allar í flokk IV:2 þar sem upplausn banda er ekki auðkennd og svo virðist sem flestar útgáfur Árnastofnananna í Kaupmannahöfn og Reykjavík falli í þennan flokk, t.d.

Trójumanna saga sem Jonna Louis-Jensen (1981) gaf út og útgáfa Ólafs Hall-dórssonar (1994) á Mattheus sögu postula.

Útgáfur sem falla í flokk IV:1 virðast vera fáar, en nýlega hafa þó komið út hjá Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi tvær bækur sem falla í þann flokk, Önnu saga sem Kirsten Wolf (2001:cliv) gaf út og Úlfhams saga sem Aðalheiður Guðmundsdóttir (2001) gaf út; greinarmerkjasetning er þó ekki samræmd í Úlfhams sögu og fyrir vikið er það aðeins samræming hástafa í sérnöfnum sem veldur því að útgáfan fellur í flokk IV:1 en ekki III:2 (2001: ccxlix).

#### 4.5.2 Not

Finnur Jónsson veltir vöngum yfir því hvort prenta eigi stafrétt eða ekki og segir að því „eldra og betra“ sem handritið sé því æskilegra sé að fara svo að og þannig ætti ævinlega að gera í „krítiskum útgáfum“. Því næst spyr hann hvort sýna eigi böndin (1931:14–15):

t. d. með skáletri, eða leysa þau upp og prenta einsog hitt? Strángir málfræðingar munu svara því fyrra játandi, og því verður ekki neitað, að með því verður nákvæmin meiri eða ætti að vera það. En hjer kemur til greina hugleiðing, sem höfundur þessarar ritgjörðar hefur alið einkum á síðari tímum, þ. e. hvort þessi nákvæmni sje nú svo mikils virði í rauninni, og hvort ekki sú hin mikla vinna, sem þá er lögð á skrifara og útgefanda, setjara og prófarkalesara, sje of dýru verði keypt, með öðrum orðum: hvort »erindið svari til erfiðis«. Jeg er nú kominn að þeirri niðurstöðu helst, að svo sje ekki í raun og veru. Í formála getur útgefandinn gert nákvæm skil fyrir rjettritun handritsins og öllu því, sem efasamt mundi vera, og ætti það að vera nægilegt fyrir málfræðinga. Sömuleiðis má setja neðan máls sumt af því, sem umræðu þyrfti. Jeg þykist líka hafa skilið, að þar sem nákvæm rjettritunarlysing er í formála, hafa málfræðingar notað hana, en alls ekki útgáfuna sjálfa, þótt böndin hafi verið sýnd í henni.

Finnur hefur sem sagt verið á þeirri skoðun að stafréttar útgáfur eigi að falla í flokk IV:1 (eða III:2), en er kominn á þá skoðun að flokkur IV:2 (eða III:3) sé heppilegri. Útgefandi geti lýst stafsetningunni í formála eins og margir gera. Fleiri hafa látið í ljósi þessa skoðun, t.d. D. G. Scragg sem telur það umhugsunarvert hvort útgefinn texti sé besti staðurinn til að sýna óreglulegt

málfar; slíkt megi allt eins fjalla um í lesbrigðaskrá eða inngangi (1994:302, 10. nmgr.).<sup>20</sup>

Umfjöllun um stafsetningu, hljóðkerfi og beygingar í inngangi útgáfu gagnast auðvitað málfræðingum, sérstaklega þegar verið er að fjalla um einstakar málbreyingar, t.d. samfall /y, ý, ey/ og /i, í, ei/. Það eru hins vegar takmörk fyrir því hvað hægt er að ætlast til af útgefendum að þeir tíni til af málfarsatriðum í inngangi — sérstaklega ef þeir eru ekki málfræðingar — og þess vegna ætti útgáfa að vera þannig úr garði gerð að málfræðingar geti notað hana við rannsóknir á öðrum atriðum en þeim helstu sem útgefendum hugkvæmist að nefna í inngangi.

Halldór Hermannsson (1933:43–44) segir að þegar farið var að gefa út „diplomatic“ útgáfur hafi málfræðingar fagnað þeim og allir textar verið gefnir út á þann hátt ef mögulegt var. Slíkar „reproductions“ geti verið til gagns, en ókosturinn við þær sé að þær séu algjörlega ólæsilegar. Og þar sem málfræðingar lesi þær ekki (sbr. Finnur Jónsson 1931:14–15) sé grundvöllurinn brostinn undan þeim og ef þörf sé á að gefa út texta eins og hann er í handritinu eigi að ljósprenta handritið.

Jón Helgason var ekki sama sinnis og þegar hann gaf út úrval úr bréfabókum Brynjólfss Sveinssonar biskups hafði hann þessi orð um stafsetninguna í útgáfunni (1942:xiv):

Bréfin eru í þessari bók prentuð stafrétt. Málfar og stafsetning sérhvers tímabils er hvort öðru nátengt, og texti frá 17. öld í ytra gervi 20. aldar er að sínu leyti sams konar og málverk af Hallgrími Péturssyni í jakka-fötum með linan flibba.

<sup>20</sup> Sem dæmi um greinargóða lýsingu á skrift og stafsetningu í inngangi má nefna útgáfu Hüberts Seelows (1981) á Hálfss sögu og Hálfssrekka, en hann skiptir umfjöllun um skrift, stafsetningu og hljóðkerfi niður á skipulegan hátt (1981:84–104). Hins vegar er oft blandað saman stafagerðar, táknbetingar- og stafsetningarlýsingum í útgáfum, svo að vandasamt getur verið að henda reiður á því hvort útgefandinn er að tala um stafagerð (útlit einstakra tákna), táknbetingu (val á tákni, þ.e. bandi eða staf, í stað einhvers annars) eða stafsetningu (hljóðkerflýsing); umfjöllun um beygingu, orðmyndir og setningaskipun er jafnvæl saman við. Um skriftarlýsingar segir Örnólfur Thorsson (1990:33): „Raunar hef ég aldrei skilið hvers vegna þessi ítarlega staffræði fylgir textaútgáfum þar sem textinn er einatt samræmdur að einhverju marki; í því samhengi minnir hún dálítið á lýsingar á málverkum í útvarti.“ Að sjálfssögðu eiga skriftarlýsingar betur heima í ljósprentuðum útgáfum en öðrum útgáfum, eins og Örnólfur bendir á, en samt sem áður er varla ástaða til að amast við þeim í öðrum útgáfum þar sem þær koma skriftarfræðingum að notum.

Útgáfa Jóns virðist falla í flokkinn IV:2, því að upphafsstafir og greinarmerkjasetning eru að einhverju leyti samræmd og leyst er upp úr sumum böndum án auðkenningar (þó er ‘m’ haldið) (1942:xvi–xvii).

Stefán Karlsson (1979) hefur bent á að hugsanlega megi gera útgáfur læsilegri með því að samræma notkun hástafa algjörlega, ekki aðeins í sérnöfnum, og einnig með því að samræma að einhverju marki tilviljunarkennda greinarmerkjasetningu í aðalhandriti og koma þannig til móts við flesta notendur (sjá einnig Knirk 1985:606–612).<sup>21</sup>

Léttksamræmdar útgáfur eru vissulega læsilegri en stafréttar, en spryja má hvort útgefendur eigi ekki að stíga skrefið til fulls og samræma stafsetninguna alveg fyrst þeir eru á annað borð byrjaðir að samræma stafsetninguna að einhverju leyti. Útgáfur af þessu tagi eru að sjálfsögðu nothefnar fyrir málfræðinga, sérstaklega ef upplausn banda er auðkennd (IV:1), en engu að síður eru útgáfur í flokki III:2 æskilegri fyrir hljóðkerfisfræðinga.

#### 4.6. Útgáfur með samræmdri stafsetningu

##### 4.6.1 Inngangur

Útgáfur sem flokkast í V:1, þ.e. með stafsetningu sem hefur verið samræmd til málstigs skrifarans, hafa varla verið gerðar en útgáfa Jóns Helgasonar (1951a) á Völuspá og Hávamálum kemst sennilega næst því en í henni er stafsetningin samræmd að miklu leyti til málfars 13. aldar. Stafsetningin er stöðluð að mestu leyti en ekki öllu, svo að samræmingin fellur frekar undir stöðlunarflokkinn í V:1. Prentað er ‘i’ í stað *j* og ‘e’ og ‘o’ í endingum í stað *i* og *u*, og ýmsum öðrum ritháttum handritsins (GKS 2365 4to) haldið þótt flest annað sé samræmt (sjá einnig Neckel 1962).<sup>22</sup>

Sem dæmi um „fullt normalisert utgåve“ (V.2) nefnir Odd Einar Haugen (1995:77–78) ritröðina *Íslenzk fornrit*. Samræmd stafsetning forn hefur hins vegar ekki verið notuð af Árnastofnununum tveimur. Þó gaf Jón Helgason Hungurvöku út með slíkri stafsetningu eftir AM 380 4to, því að hann taldi öll

<sup>21</sup> Um útgáfuhefð fornenskra texta og viðhorf útgefenda til þessara atriða sjá t.d. Malcolm Godden (1977:19), Michael Lapidge (1991:39), Paul E. Szarmach (1994:3) og Helmut Gneuss (1994:17–20).

<sup>22</sup> Þar sem miðað er við málfar 13. aldar í samræmingu (sjá Snorri Sturluson 1976:ix–x og Jón Helgason 1951a:ix), er það tilviljun að samræmingin fellur að mestu leyti að málfari skrifara Konungsbókar eddukvæða, en hún fellur ekki að málfari skrifara Konungsbókar Snorra-Eddu (GKS 2367 4to) (sjá Snorri Sturluson 1976).

handrit sögunnar yngri en frá því um 1600 (1938:27, 65). Í sömu bók prentar hann hins vegar Byskupa ættir og Ísleifs þátt með létsamræmdri stafsetningu (IV:2), enda eru þessir textar prentaðir eftir miðaldahandritum: AM 162 M fol frá um 1400 og Flateyjarbók (GKS 1005 fol) frá um 1387–1394 (1938:3, 6, 15, 20). Ólafur Halldórsson gaf út Mattheus sögu postula og prentaði texta handritanna (AM 645 4to og AM 655 XII–XIII 4to) með létsamræmdri stafsetningu. Jafnframt prentaði hann endurgerðan texta sögunnar með samræmdri stafsetningu og segist hafa miðað samræminguna við elstu málein-kenni handritanna (1994:xi). Þar sem elsta handritið er frá 12. öld verður stafsetningin enn ellilegri en í *Íslenzkum fornritum*. Sérstæðust er þó samræmingin á Fyrstu málfræðiritgerðinni sem Verner Dahlerup og Finnur Jónsson (1886) gáfu út, en þeir samræmdu stafsetninguna eins og fyrsti málfræðingurinn vildi stafsetja íslensku. Þeir urðu að vísu að gefast upp við að greina á milli nefkveðinna og munnkveðinna sérljóða, en prentuðu hásteflinga og þau bönd sem fyrsti málfræðingurinn vildi nota, þ.e. titul fyrir *m* og samstöfunina *er* (1886: xi–xvi).

Reyndar er það svo að íslenska (eða norræna) er eina tungumálið fyrir utan latínu sem á sér samræmda stafsetningu forna (a.m.k. af þeim tungumálum sem nota latneskt letur) (sbr. Rigg 1977a:117–118) og hún er yfirleitt ekki notuð í fræðilegum útgáfum.<sup>23</sup>

Margar útgáfur eru með nútímastafsetningu (V:3), þar á meðal flestar almenningsútgáfur. Nýlegt dæmi er útgáfa á Íslendinga sögum (*Íslendinga sögur og þættir*). Um þessa gerð af útgáfum segir Jón Helgason (1958:23–24):

Síðan fornsögur voru fyrst skrifaðar upp á Íslandi hefur verið hafður á þeim sá ritháttur sem skrifurum sjálfum og lesendum þeirra var tamastur. Fjórtándu aldar menn skrifuðu eins og þeim var lagið, fimm-tándu aldar menn sömuleiðis, og svo koll af kolli. ... Enginn þekkti það sem nú er kallað „samræmd stafsetning forn“, enda var þess engin von, því að hún var ekki búin til fyrr en á 19du öld og allsendis ókunn fornmönnum sjálfum. Þeir sem nú láta prenta íslenzkar fornsögur með rithætti vorra daga, breyta í fullu samræmi við þá venju sem tíðkazt hefur á Íslandi frá alda öðli.

<sup>23</sup> Þótt inngangar útgefenda í *Íslenzkum fornritum* séu oft mjög fræðilegir og að baki þeim liggi miklar rannsóknir þá er ritröðin ekki ætluð fræðimönnum eingöngu heldur einnig almenningi (sjá Sigurður Nordal 1933:c).

#### 4.6.2 Samræming, stöðlun og fyrning

George Rigg (1977a:117–118) hafnar því að tala um samræmingu stafsetningar miðaldaskrifara, sem skrifuðu á latínu, þar sem hún sé oft færð í búning klassískrar latínu, þ.e. hann vill ekki tala um „normalize“ heldur „classicize“. Hann tekur nokkur dæmi, þar á meðal þegar prentað er *ae* fyrir *e* og *ti* fyrir *ci*. Hann segir að það séu mörg rök gegn fyrningu stafsetningarinnar, t.d. þau að ef stafsetningu skrifarans er haldið sé hægt að rannsaka málfar hans og að fyrning valdi því að stúdentar og aðrir eigi erfitt með að lesa miðaldahandrit þegar þeir þurfi á því að halda. Þá geti fyrningin einnig valdið því að fólk fái á tilfinninguna að miðaldaskrifarar hafi ekki kunnað að stafsetja.

Í raun og veru er útgáfa með stafsetningu sem hefur verið samræmd til málstigs skrifarans eina útgáfan sem er með *samræmdri stafsetningu* í hefð-bundnum skilningi þess hugtaks, því að útgáfur með samræmdri stafsetningu fornri eru í reynd með stafsetningu sem hefur verið fyrnd eða „classicized“ í skilningi Riggs (1977a:117, sbr. Stefán Karlsson 1988:126), nema í þeim tilvikum þar sem málstig skrifarans samsvarar samræmdri stafsetningu fornri. Samræmd stafsetning forn er jafnframt stöðlun sem tekur mið af uppruna, t.d. þegar prentaður er tvöfaldur samhljóði á undan samhljóði (sem dæmi má nefna ‘nn’ á undan ‘d’, t.d. *kenndi* (pt. af *kenna*)). Þar að auki er samræmd stafsetning forn ekki sjálfri sér samkvæm, því að það er oftast gerður greinarmunur á *ø* og *ø* en *hljóðönin* /ø/ og /ø/ fíllu saman um 1200 eða snemma á 13. öld, hins vegar er nær alltaf prentað *á*, *ó*, *ú* á undan *l + f, g, k, p, m, s* í stað *a, o, u* (t.d. *háls* en ekki *hals*) en þessi *hljóðbreyting* varð á 13. öld og er því ekki eldri en t.d. samfall /ø/ og /ø/.<sup>24</sup> Samræming til nútíma-stafsetningar er hins vegar ekki aðeins ynging — þ.e.a.s. ef handritið sem prentað er eftir er meira en 3–400 ára gamalt — heldur einnig stöðlun, vegna þess að stafsetning nútímamáls samsvarar ekki framburði í öllum greinum, t.d. eru ‘y’, ‘ý’ og ‘ey’ notuð í nútíma stafsetningu þótt þau eigi sér enga samsvörum í framburði og hið sama má segja um ‘nn’ í áherslulítilli stöðu og tvöfaldan samhljóða á undan samhljóði.

#### 4.6.3 Not

Konráð Gíslason segir að það þurfi að gefa út tvenns konar útgáfur, annars vegar táknréttar og hins vegar (1846:ii):

<sup>24</sup> Undantekningar eru útgáfa Ólafs Halldórssonar (1994) á Mattheus sögu postula og Jakobs Benediktssonar (1968) á Íslendingabók sem báðar eru samræmdar til eldra málstigs en venja er, t.d. í *Íslenzkum fornritum*.

þarf almenníngur eins fyrir því að halda á þesskonar útgáfum, þar sem allt er fært til rjetts og stöðugs ritsháttar, eptir því sem næst verður komið, að menn hafi talað í fornöld á þeim stað og tíma, er hver bók hefur verið rituð.

Pessi orð verða að skiljast sem svo að Konráð hafi viljað gefa út handa almenningu texta þar sem stafsetningin væri samræmd til málstigs skrifarans (flokkur V:1) eða þess málstigs þegar umrætt verk var fyrst skrifað á bók. Í *Íslenzkum fornritum* er hins vegar venja að samræma stafsetninguna til málfars á 13. öld, jafnvel þótt viðkomandi texti sé ekki varðveittur í svo gömlum handritum og jafnvel ekki svo gamall (sbr. Finnur Jónsson 1931:15–16 og Jørgensen 2002:7–8).

David N. Dumville (1994:46) telur að tilhneigingin í fornenskum fræðum hafi verið sú að útgefendur breyti stafsetningu eins lítið og þeir komist af með (sbr. Szarmach 1994:3), eða „towards editions which are ever more diplomatic and in which less and less editorial activity is visible“ og að þessi tilhneiting „runs directly contrary to the needs of almost every user other than those professionals working in certain corners of philology and palaeography“. Dumville hefur mikið til síns máls því að í raun og veru þurfa ekki aðrir en skrifartfræðingar og sumir málfræðingar útgáfur þar sem stafsetningin hefur ekki verið samræmd. Þar sem aðrir fræðimenn rannsaka fyrst og fremst textann sjálfan eða efni handritanna hlýtur samræmd stafsetning að vera æskilegri fyrir þá því að hún er læsilegri en stafréttar útgáfur og útgáfur með léttSAMRÆMDRI stafsetningu. Ódýrar almenningsútgáfur eiga einnig að vera eins læsilegar og unnt er (sbr. Finnur Jónsson 1931:15).

## 5. Textaval

### 5.1 Eintexta og fjöltexata útgáfur

#### 5.1.1 Inngangur

Eintexta útgáfur („monotypiske“) eru algengastar í norrænum fræðum, þótt fjöltexata útgáfur („synoptiske“) þekkist líka og er þá í flestum tilvikum um að ræða útgáfur þar sem textinn skiptist í tvær eða fleiri gerðir. Sem dæmi um slíkar útgáfur má nefna útgáfu Konráðs Gíslasonar (1849) á Gísla sögu Súrssonar, Eiríks sögu rauða í útgáfu Svens B. F. Janssons (1944), Færeyinga sögu í útgáfu Ólafs Halldórssonar (1987) og Bevers sögu í útgáfu Christo-

phers Sanders (2001).<sup>25</sup> Gerðir Gísla sögu eru prentaðar hvor á eftir annarri en ekki báðar í sömu opnu eða á sömu blaðsíðu, svo að útgáfa Konráðs á sögunni er ekki „synoptisk“ skv. eiginlegri merkingu þess orðs, þótt hún sé kölluð fjöltextrá hér. Helle Degnbol (1985:245–246) telur að útgáfa Janssons sé fyrirmynadarútgáfa frá sjónarhorni orðabókarmanns, vegna þess að hún er fjöltextrá og textinn er gefinn út stafrétt (III:2).

Odd Einar Haugen (1995:86, 90) nefnir m.a. Eirspennil (AM 47 fol) í útgáfu Finns Jónssonar (1916) og Sverris sögu (AM 327 4to) í útgáfu Gustavs Indrebøs (1920) sem dæmi um eintexta útgáfur og Partalópa sögu sem Lise Præstgaard Andersen (1983) gaf út og Böglunga sögur í útgáfu Hallvards Magerøys (1988) sem dæmi um fjöltextrá útgáfur.

### 5.1.2 *Gagnrýni og not*

Í grein um handrit og útgáfur segir Finnur Jónsson (1931:13–14) að útgáfur „besta“ handrits með orðamunum úr öðrum handritum séu ómissandi. Síðan segir hann: „Er þá til þess ætlast, að textinn verði gerður sem upphaflegastur og villur í aðalhandritinu leiðrjettar eftir hinum.“ Orð Finns eru ekki fyllilega skýr, en einfaldast virðist að skilja þau sem svo að hann vilji *samrunaútgáfur*. Pessi einfaldí skilningur er þó tæplega réttur, því að ummæli hans má einnig skilja á þann veg að hann telji eintexta útgáfur æskilegastar, og fær sá skilningur stuðning af því sem hann segir í aðeinsögu sinni (1936:171–172):

Við útgáfur af sögum hef jeg fylgt þeirri reglu að fylgja sem næst einu og þá því elsta og besta, en aðeins leiðrjettu það eftir öðrum handritum, þar sem þau voru til; en að blanda saman textunum og búa til úr þeim aðaltexta, hef jeg áliðið alveg rángt. ... Það verður alvarlega að vara við því að blanda handritunum saman, sem nothæf eru, en sjálfsagt, að setja orðamun sem fyllstan.<sup>26</sup>

<sup>25</sup> Útgáfa Aðalheiðar Guðmundsdóttur (2001) á Úlfhams sögu fellur að líkindum ekki í flokk með fjöltextrá útgáfum þar sem hún gefur út þrjár gerðir sömu sögunnar (auk rímnar), en þessar þrjár gerðir eru hver um sig saman eftir Vargstökum (og munnmælum) og þar af leiðandi sjálfstæð sköpun hver um sig; hver texti er því gefinn út eintexta (og einn þeirra með lesbrigðum), þótt þeir séu prentaðir „synoptiskt“, p.e. textarnir eru prentaðir á þremur hæðum.

<sup>26</sup> Finnur segir að Konráð Gíslason hafi blandað saman textum í útgáfu sinni á Njáls sögu (*Jóns lendinga sögur* III) og segir síðan (1936:171–172): „Hann tók þessa setningu úr einu handriti og aðra úr hinu, og þóttist þar með geta fengið frumtextann. En þetta er himm mesti mis-skilníngur; með hans aðferð kom fram texti, sem aldrei hefur til verið; það er nýtt blendings-handrit, sem hann þannig fjekk til vegar komið. Þegar jeg gaf út Njálu í Altnord. Saga-

Jón Helgason (1950:261–262) segir að það starf, sem eigi heima í handritasafninu og verði hvergi unnið nema þar, sé

að bera saman handritin, að skrásetja það sem á milli ber, að ákveða afstöðu peirra hvers til annars og safna saman í útgáfu á þessum grundvelli, á eins stuttorðan og greinagóðan hátt og hægt er, öllu því sem rannsókn á handritunum getur leitt í ljós um elztu mynd ritsins og sögu þess. Þegar traustur grundvöllur er fenginn í slíkri útgáfu geta aðrir fræðimenn tekið við og varpað ljósi á ýmsa fleti ritsins, stíl þess, uppistöður, bókmenntalega afstöðu o. s. frv. Pessi starfsemi kemur ekki handritasafninu við, heldur má leysa hana af hendi hvar sem er, þar sem til er nauðsynlegur bókakostur.<sup>27</sup>

Stefán Karlsson (1979) telur að kröfur útgefenda til útgáfna sinna á norrænum textum hafi aukist á 20. öld. Hann segir þessar kröfur hafi fyrst og fremst verið settar fram af Jóni Helgasyni og fræðimönnum sem lærðu hjá honum útgáfustörf beint eða óbeint (sjá einnig Ólafur Halldórsson 1988). Hann segir að helstu kröfurnar hafi verið:

Gennemgang af det fuldstændige håndskriftmateriale, en kort beskrivelse af hvert enkelt håndskrift med placering i tid og eventuelt i sted, en redegørelse for håndskrifternes indbyrdes forhold, valg af og bogstavret aftrykning af én eller flere hovedtekster, aftrykning af samtlige varianter fra de håndskrifter som skønnes at have tekstdoktrinsk værdi og endelig registre af forskellige slags — ikke bare navne register til teksten, men også håndskrift- og navneregister til indledningen.

Jørgen Raasted (1968) gagnrýndi þetta viðhorf sem kemur fram hjá Jóni (og Stefán lýsir) harkalega og reyndar útgáfuhefðina innan norrænnar filológinu í heild sinni. Raasted, sem er klassískur filológ, var sérstaklega ómyrkur í málum „historiske“ útgáfur eins og hann kallar útgáfur „inden for den nordiske filologi“ til aðgreiningar frá „filologiske“ útgáfum sem klassískir filoló-

bibliothek fylgdi jeg einu og því besta handriti, sem til er.“ Það handrit er Reykjabók (AM 468 4to) en Einar Ól. Sveinsson segir hins vegar að Finnur hafi breytt „mjög oft eftir öðrum handritum“ í þessari útgáfu (1954:clix).

<sup>27</sup> Á tímum ljósmynnda (á pappír eða í tölvu) og ljósprentunar hefur vægi handritasafnsins minnkað, þótt útgefendum sé nauðsyn á að líta á handritin sjálf áður en gengið er frá texta til prentunar

lógar gefa út (1968:6). Síðan segir hann um útgáfur á bókmenntatextum innan norrænu hefðarinnar (1968:7):

Målsætningen for den udgivelsestradition, der praktiseres af fx. nordiske filologer, er objektivitet og videnskabelighed. Ikke noget med usikre rekonstruktioner og subjektive rettelser for at skabe en læselig text — eller ialtfald så få indgreb i texten som muligt. For mig at se fører denne principielle indstilling til at man falder i een grøft for at undgå at falde i en anden. Og jeg har en meget stærk fornemmelse af, at den nordiske filologis grøft er den dybeste! Man må jo ikke glemme, at den bedste kender af en textoverlevering som regel er den udgiver, som gennem et årelangt arbejde har fordybet sig i de forskellige textvidners karakter. Når nu denne udgiver, for at undgå subjektivitet, lader eet hovedhåndskrift bestemme textudgavens form og anbringer råmaterialet til den kritiske behandling af textoverleveringen i apparatet — da springer han i virkeligheden over, hvor gærdet er lavest og giver sortepeper videre til forskere, som principielt ikke er nær så godt rustet til at gennemske overleveringens virvar så godt som han selv. Udgaver af den slags kaldes, traditionelt, en kritisk udgave, måske endda den definitive udgave. For mig at se er der mest af alt tale om en materialesamling, af foreløbig karakter — forsåvidt som dens data må udmøntes i en rigtig udgave sidenhen.

Pessi óblíða gagnrýni virðist þó hafa haft lítil áhrif á störf norrænna textafræðinga.

Ljóst er að fjöltexta útgáfur eru nauðsynlegar í þeim tilvikum þegar um er að ræða texta sem skiptist í tvær eða fleiri gerðir (sbr. Hudson 1977:39). Evelyn Scherabon Firchow og Kaaren Grimstad (1989) gáfu Elucidarius út fjöltexta, eftir öllum handritunum átta, án þess að þörf væri á því, séð frá sjónarhorni hefðbundinnar textafræði.<sup>28</sup> Gerðir textans eru færri, markmiðið með útgáfunni er því fyrst og fremst málsögulegt. Enn fremur má segja að Elucidarius-útgáfan sé í eðli sínu „nýfílólógísk“, þ.e. öllum handritunum er gert jafnhátt undir höfði og hvert þeirra talið vitnisburður um ritun á tilteknun tíma, auk þess sem slíkar útgáfur eru efniviður til að kanna viðtökur textanna

<sup>28</sup> Kirsten Wolf hefur gagnrýnt þessa útgáfu (1991, 1993:341 o.áfr.) fyrir það að texti allra handritanna skuli vera prentaður í stað þess að prenta texta færri handrita og hafa lesbrigði úr hinnum.

um aldir (sbr. Örnólfur Thorsson 1990:34). Kosturinn við slíkar útgáfur er sá að lesandi fær öll afbrigði textans upp í hendurnar, en að mati þeirra sem aðhyllast hefðbundna textafræði er ókosturinn aftur á móti sá að útgefandi lætur lesendum eftir að dæma um gildi einstakra lesháttu í stað þess að gera það sjálfur.

## 5.2. Samrunauútgáfur

### 5.2.1 Inngangur

Samrunauútgáfur („syntetiske utgåver“) eru sjaldgæfar í norrænum fræðum þótt þær hafi verið algengar í klassískri filólógiú, þ.e. við útgáfu texta á latínu og grísku (sjá t.d. Haugen 1995:82). Frægust norrænna útgáfna af þessu tagi er efalítið útgáfa Konráðs Gíslasonar á Brennu-Njáls sögu (*Íslendinga sögur* III, sbr. Finnur Jónsson 1936:171–172). Odd Einar Haugen (1995:90) nefnir m.a. Barlaams sögu og Jósafats í útgáfu R. Keysers og C. R. Uengers (1851) og Laxdæla sögu í útgáfu Kr. Kálunds (1889–1891) sem dæmi um samrunauútgáfur.<sup>29</sup> Ólafur Halldórsson gaf Mattheus sögu postula út eftir einu aðalhandriti eins og áður hefur komið fram, en jafnframt gaf hann út endurgerðan texta sögunnar í því skyni (1994:xi)

að komast sem næst upphaflegum texta sögunnar með samanburði allra varðveisitra handrita. Árangur þeirrar tilraunar er valinn texti, ... prentaður með samræmdri stafsetningu ...

Ljóst er að í samrunauútgáfu verður að samræma stafsetningu þar sem teknir eru upp leshættir nokkurra eða margra handrita sem geta verið mismunandi gömul; og það er ekki einungis að stafsetninguna verði að samræma heldur verður helst einnig að samræma beygingarendingar, ef vel á að vera (sbr. t.d. Eklund 1989:45).<sup>30</sup> David N. Dumville nefnir einnig þann möguleika að endurgera málfar og færa málstig textans (og stafsetningu) aftur í tíma (1994:48):

If the job is going to be done comprehensively, then the language of the text should also be reconstructed to that of the time and place of the hypothesized text.<sup>31</sup>

<sup>29</sup> Jon Gunnar Jørgensen ræðir um *Íslenzk fornrit* sem samrunauútgáfu (2002).

<sup>30</sup> John Kousgård Sørensen (1989: 235) varar hins vegar við því að útgefandi hræri við því málformi sem notað var í fortíðinni.

<sup>31</sup> Odd Einar Haugen nefnir þann möguleika að leshætti, sem settir eru inn í texta aðalhandrits í því skyni að endurgera textann, sé hægt að færa til stafsetningarstigs skrifara aðalhandrits,

### 5.2.2 Not

Anne Hudson finnur það að samrunaútgáfu að hún upphefji textarýni og textafræði og að hana geti þeir einir notað sem hafa einungis áhuga á innihaldi textans, því að „any study of the text’s linguistic history, of any traces of change in translational method, or of scribal interest in its matter, is quite impossible“ (1977:38, 41, sbr. Jørgensen 2002:7–8).<sup>32</sup>

Stefán Karlsson (1979) sagði í fyrirlestri að hann væri fullur efasemda í garð samrunaútgáfna, sérstaklega efaðist hann um að hægt væri að endurgera og gefa út upprunalegan texta. Hann væri hins vegar smám saman að komast á þá skoðun að gefa ætti suma texta út í samrunaútgáfum þar sem texti stofnrits væri endurgerður (sbr. Haugen 1995:95). Í þessu sambandi benti Stefán á tilraun Einars Ól. Sveinssonar (1952:151–152), sem reyndi að endurgera stofnrit eins kapítula Njáls sögu. Aðalástæða þessarar skoðunar Stefáns er fyrst og fremst sú að honum fannst fræðimenn ekki nota útgáfur rétt, þeir notuðu ekki lesbrigðaskrár (sbr. Ólafur Halldórsson 1988:22) og einblíndu um of á aðaltextann sem er oftast prentaður eftir því handriti sem stendur stofnriti næst í heildina séð að mati útgefandans. En þótt ekki væru gefnar út samrunaútgáfur ættu útgefendur að minnsta kosti að gera sitt besta til að auðvelda lesendum að nota útgáfur, t.d. í lesbrigðaskrám eða með því að hafa úrvall af lesháttum í inngang í útgáfna.<sup>33</sup>

Jon Gunnar Jørgensen leggur áherslu á að texti samrunaútgáfna sé gervi-texti vegna þess að hann er endurgerður (2002:7); áhugi útgefanda beinist að glötuðu frumriti (eða stofnriti) en ekki varðveittum textum og að útgáfurnar sýni ekki það samhengi sem textinn hafi varðveisit í (2002:8–12).

Deilur um aðferðir við útgáfur fornfranskra texta blossuðu upp á fyrrí hluta 20. aldar þegar Joseph Bédier og Henri Quentin gagnrýndu aðferðir Karls Lachmanns. Alfred Foulet og Mary Blakely Speer segja að í grundvallaratriðum hafi þessar deilur snúist um hlutverk útgefandans, þ.e. hvort hann ætti að reyna að endurgera upphaflegan texta höfundar, eða „honor the

en það kosti mikla vinnu (1995:91). Hér er átt við útgáfur þar sem stafsetning aðalhandrits hefur ekki verið samræmd.

<sup>32</sup> Kjartan G. Ottósson (1988:145–146) og Jon Gunnar Jørgensen (2002:8–9) nefna báðir dæmi um gildrar sem málfræðingar geta fallið í ef þeir nota útgáfur þar sem stafsetning hefur verið samræmd, nota málfræðibækur með samræmdum ritmyndum úr eldra málí eða nota almenningsútgáfur þar sem ekki koma fram varnaðarorð úr útgáfunum sem þær byggja á.

<sup>33</sup> Benda má á að Jonna Louis-Jensen samdi leiðbeiningar um notkun útgáfu á Partalópa sögu sem Lise Præstgaard Andersen (1983:vii, ci–ciii) gaf út.

redaction of the best manuscript available to him“ og fraðimenn í fornfrönsku deili enn um þetta atriði og þess vegna búi hver útgefandi sér til sína eigin útgáfuaðferð (1979:xiii–xiv, 19 o.áfr.). Gagnrýni Bédiers olli því hins vegar að síðan eru flestar útgáfur á fornfrönskum textum eintexta (eða fjlótexta) á meðan samrunaútgáfur hafa tilkast lengi í klassískri og ítalskri fflólógiú (Haugen 1995:83).

Ljóst er að endurgerður texti, þ.e. stofnrit eða upphaflegur texti höfundar — ef um hann er að ræða — er ekki það eina sem er áhugavert við útgáfu texta. Breytingar á texta og not fyrri alda manna á honum eru einnig áhugaverð atriði og þess vegna er varhugavert að endurgera texta. Sérstaklega er þetta varhugavert þegar haft er í huga að textar gátu tekið býsna miklum breytingum í uppskriftum (sbr. Rigg 1977a:121–122 og Jørgensen 2002:9–12). Auk þess er það nánast ómögulegt að endurgera upphaflegan texta íslenskra fornsagna eins og hann var fyrst skráður, a.m.k. í flestum tilvikum (sbr. Stefán Karlsson 1979 og Jensen 1989:212). Í útgáfum þar sem ekki er prentaður texti allra handrita er lesbrigðaskrá hins vegar nauðsynleg viðtökurannsakendum og til þess að þeir fræðimenn sem hafa áhuga á upphaflegum texta geti endurgert hann ef þeir vilja.

## 6. Hvers konar útgáfur þurfa notendur?

### *6.1 Flokkun*

Flokkun útgáfna sem rakin hefur verið hér að framan á að geta auðveldað okkur að fá yfirsýn yfir hvers konar útgáfur notendur þurfa (sbr. Haugen 1988:6). Útgáfuhefð sú sem nefnd var í kafla 5.1.2 og Stefán Karlsson (1979) rekur til Jóns Helgasonar mun flokkast sem eintexta útgáfa (stundum fjlótexta) með athugasemdum við handritið, lesbrigðum úr öðrum handritum og athugasemdum og skýringum við textann. Stafsetningin er í flestum tilvikum létt-samræmd, oft án þess að auðkennt sé hvernig leyst er úr böndum (IV:2). Eftirfarandi skrá sýnir þarfir ólíkra notenda (lesenda) eins og þær koma mér fyrir sjónir.

*Hvers konar útgáfur eru æskilegar fyrir notendur (lesendur)?*

Skriftarfræðingar:	Ljósprentuð útgáfa á handriti <sup>34</sup> (flokkur I:1 eða I:2 eftir atvikum).
Hljóðkerfis- og beygingarfræðingar og orðabókarmenn: Stafrétt útgáfa (eintexta eða fjöltexta) (flokkur III:2). <sup>35</sup>	
„Nýfíflólógar“:	Útgáfa á handriti eða fjöltexta útgáfa með samræmdri stafsetningu (flokkur V:3 eða V:2). <sup>36</sup>
Setningafræðingar:	Útgáfa með samræmdri stafsetningu (eintexta eða fjöltexta) (flokkur V:3 eða V:2).
Viðtökurannsakendur:	Fjöltexta útgáfa með samræmdri stafsetningu (flokkur V:3 eða V:2).
Aðrir fræðimenn:	Útgáfa með samræmdri stafsetningu (eintexta eða fjöltexta) (flokkur V:3 eða V:2). E.t.v. samrunaútgáfur (þ.e.a.s. stofnrit endurgert) í sumum tilvikum. Lesbrigði.
Almennir lesendur: <sup>37</sup>	Útgáfa með stafsetningu sem hefur verið samræmd til nútímamáls (flokkur V:3). Samrunaútgáfa (stofnrit) byggð á fræðilegum útgáfum þar sem því verður við komið. <sup>38</sup> Skýringar við textann og nauðsynlegar orðskýringar.
Nemendur:	Sams konar útgáfa og fyrir almenna lesendur, að viðbættum æfingum og ítarlegri orðskýringum.

<sup>34</sup> Ljósmyndir á Internetinu eða útgefnum geisladiski koma í sama stað niður.

<sup>35</sup> Hér er bæði átt við útgáfur á bók og rafrænar útgáfur (á Internetinu eða geisladiski). Í öllum fræðilegum útgáfum má búast við að athugasemdir við textann og handritin séu nauðsynlegar, sem og skýringar við textann í mörgum tilvikum.

<sup>36</sup> Erlendir fræðimenn vilja e.t.v. frekar útgáfu með samræmdri stafsetningu formri (flokkur V:2), en íslenskir með stafsetningu samræmdri til nútímamáls (flokkur V:3).

<sup>37</sup> Almennir lesendur erlendir þurfa sams konar útgáfur í þýðingu.

<sup>38</sup> Sjálfsagt er að útbúa samrunaútgáfur fyrir almenning því að það er verkið (textinn sjálfur) sem skiptir máli.

Til eru útgáfur sem höfða til fleiri en eins hóps, svo sem Íslenska hómilíubókin sem Andrea de Leeuw van Weenen (1993) gaf út og Konungsbók eddukvæða (sjá *ÍM* III), en þær eru í senn ljósprentaðar útgáfur og stafréttar (önnur reyndar staftáknrétt og jafnframt með texta sem prentaður er með samræmdri nútímastafsetningu). En þótt þessar útgáfur höfði til fleiri en eins hóps er ekki hægt að gera öllum fræðimönnum jafnt til hæfis, þó ekki væri nema vegna kostnaðar, en jafnvel þó að til væru fjármunir til að kosta fleiri en eina fræðilega útgáfu yrði að velja og hafna. Æskilegt væri að til væru a.m.k. ljósprentaðar útgáfur (ljósmyndir) fyrir skriftarfræðinga, stafréttar útgáfur á handritum fyrir málfræðinga (III:2) og útgáfur á textum með samræmdri stafsetningu fyrir aðra fræðimenn. En þar sem fjármagn er ekki óþrójandi verður að ætlast til þess að útgefendur hugi að því hvaða hópum fræðimanna þeir vilji helst þjóna, og reyni að koma til móts við þá og aðra eftir því sem tök eru á.

Góð lausn er stafrétt útgáfa þar sem upplausn banda er auðkennd (III:2), auk lesbrigða úr öðrum handritum og nauðsynlegra skýringa og athugasemda. Slík útgáfa þjónar ekki aðeins þeim fræðimönum sem eru fyrst og fremst að hugsa um efnið, þótt hún sé seinlesin, heldur einnig málfræðingum. Hér er farið fram á mikla vinnu af hálfu útgefenda, og einnig gerðar nokkrar kröfur til lesenda. Ég held þessu fram þrátt fyrir áðurnefnd orð Finns Jónssonar (sjá kafla 4.5.2) um það hvernig málfræðingar notuðu útgáfur og þá miklu vinnu sem væri lögð á setjara o.fl., en benda má að honum fannst aldur handrits skipta máli og að eðlilegt sé að meðhöndla elstu handrit öðru vísi en þau sem yngri eru (1931:15):

Par sem ekki er nema um eitt handrit að ræða og það gott og gamalt, t.  
d. annað eins og homilíubókina í Stokkhólmi, þá er svo að segja sjálf-  
sagt, að það sje gefið út með sem mestri nákvæmni, eins og líka var  
gert með nefnt handrit.<sup>39</sup>

Þótt hér hafi verið stungið upp á ákveðinni lausn er ekki víst að allir fræðimenn séu sammála henni, t.d. hefur Kirsten Wolf halid ið því fram að bilið á milli útgáfna sem þjóna t.d. málfræðingum og bókmenntafræðingum verði ekki brúað svo auðveldlega, eða eins og hún segir (1993:346):

<sup>39</sup> Útgáfan á Íslensku hómilíubókinni sem Finnur nefnir er útgáfa Theodors Wiséns (1872) sem fellur í flokk III:2.

The chasm separating the linguist or the palaeographer, for instance, from the literary historian cannot be bridged by a single edition—and this is a reality that must be faced. And so we should accord each approach its validity and not seek to weld them together.

Hugsanlega væri hægt að koma enn frekar til móts við lesendur með því að gefa út texta með létsamræmdri stafsetningu, þ.e.a.s. útgáfu þar sem hástafir í sérnöfnum hafa verið samræmdir og sett inn greinarmerki (innan oddklofa) þar sem við á, en upplausn banda sýnd (IV:1). Enn fremur er sjálf sagt að koma til móts við notendur með því að hafa skýringar sem fyllstar, góðar skrár o.s.frv. (sbr. Stefán Karlsson 1979, Vésteinn Ólason 1988:99 og Sørensen 1989:235). Hvað sem því líður verður notandinn sífellt að vera meðvitaður um takmarkanir þeirrar útgáfu sem hann notar, allar breytingar sem útgefandi gerir á stafsetningu og texta verða að vera ljósar og notandinn verður að kynna sér greinargerð útgefandans fyrir aðferðum sínum áður en hann notar útgáfuna (sbr. Jørgensen 2002:2–3).

Pað er einnig æskilegt að sami maður gefi sama texta út sem oftast og fyrir sem flesta notendur (sbr. Vésteinn Ólason 1988:98–99). Ólafur Halldórsson hefur t.d. gefið Færeyinga sögu út þrisvar, þ.e. fyrir almenning (1967), fyrir skólaþólk (1978) og fyrir fræðimenn (1987). Jónas Kristjánsson (1952, 1966 og 1956) hefur einnig gert þetta, þ.e. gefið Valla-Ljóts sögu og Svarfdæla sögu út fræðilega og í *Íslenzkum fornritum*.

## 6.2 Rafrænar útgáfur

Hér að framan hefur fyrst og fremst verið rætt um prentaðar útgáfur en hins vegar hefur tölvutækni breytt miklu um útgáfustarf. Nú hefur t.d. opnast sá möguleiki að gefa út texta á Internetinu eða á geisladiski þar sem textinn birtist með þeirri stafsetningu sem notandinn óskar. Með því að slá textann inn í ákveðnu forriti sem skilur XML-tölvumálið er hægt að fá fram með einni skipun táknréttan texta, staftáknréttan, stafréttan og með samræmdri stafsetningu með eða án þess að upplausn banda sé sýnd. Þetta er gert með því að kóða eða „tagga“ bönd, límingsstafi og önnur sértákn í handritunum. Svo les forritið úr kóðunum og birtir á þann hátt sem notandinn vill. Nokkrar stofnanir á Norðurlöndum hafa stofnað textabanka sem kallast Menota (Medieval Nordic Text Archive)<sup>40</sup> og það er markmið aðstandenda hans að allir fræði-

<sup>40</sup> Forveri Menota var starfshópur sem kallaði sig Netværk til elektronisk behandling af nordiske middelalderhåndskrifter. Á íslensku er Menota kallað Safn norrænna miðaldatexta.

menn, sem rannsaka (miðalda-)texta sem varðveittir eru í norrænum handritum og gefa þá út, noti þessa aðferð við innslátt og leggi uppskrift inn í textabankann. Lagt er til að fræðimenn skrifi textann upp táknréttan (II:2) og gangi þannig frá kóðuninni að hægt sé að fá stafréttu útgáfu (III:2) og samræmda stafsetningu forna (V:2). Verið er að ganga frá handbók eða leiðbeiningarriti um kóðunina og verkferlið (sjá *The Menota Handbook*).

## HEIMILDIR

### AM 551 a 4to

- Aðalheiður Guðmundsdóttir (útg.). 2001. *Úlfhams saga*. Rit 53. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Andersen, Lise Præstgaard (útg.). 1983. Partalopa saga. *Editiones Arnamagnæsanæ* B 28. C. A. Reitzels forlag, Copenhagen.
- Antiquitates Americanæ sive Scriptores Septentrionales rerum ante-Columbianarum in America*. Samling af de i Nordens Oldskrifter indeholdte Efterretninger om de gamle Nordboers Opdagelsesreiser til America fra det 10de til det 14de Aarhundrede. Edidit Societas Regia Antiquariorum Septentrionalium, Hafniae, 1837.
- van Arkel, Andrea. 1985a. Computer Aided Editing: Arguments Pro and Contra. *Workshop Papers I*, bls. 27–40. The Sixth International Saga Conference 28.7. – 2.8. 1985.
- van Arkel, Andrea. 1985b. Proposal for the encoding of material to be kept at the Computer Tape Bank in Copenhagen. *Workshop Papers I*, bls. 41–52. The Sixth International Saga Conference 28.7. – 2.8. 1985.
- van Arkel-de Leeuw van Weenen, Andrea (útg.). 1987. *Möðruvallabók*. AM 132 Fol. [2 bindi: I: Index and Condordance. II: Text.] E. J. Brill, Leiden.
- Det Arnamagnæanske Haandskrift Nr. 674 A, 4to, indeholdende det ældste Brudstykke af Elucidarius paa Islandsk, udgivet i fotolitografiske Aftryk af Kommissionen for det Arnamagnæanske Legat*. Arnamagnæanske Haandskrifter i fotolitografiske Aftryk. Kjøbenhavn, 1869.
- Balle, Søren. 1988. Om kildeudgivelsers nødvendighed. *Fortid og nutid* 35:34–36.
- Bender, Susanne Krogh. 1977–1978. Kildeudgaver: hvad, for hvem, hvordan? *Fortid og nutid* 27:67–70.
- Bjarni Einarsson (útg.). 1977. *Hallfreðar saga*. Rit 15. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
- Carlquist, Jonas (ritstj.). 1992. Föreläsningar i medeltidsfilologi. Carl Ivar Ståhle: En bibliografi. *Meddelanden från Institutionen för nordiska språk vid Stockholms universitet* (MINS) 38. Stockholm.
- Dahlerup, Verner (útg.). 1880. *Ágrip af Noregs konunga sögum*. Diplomatarisk udgave. Samfundet til udgivelse af gammel nordisk litteratur 2. København.
- Dahlerup, Verner & Finnur Jónsson (útg.). 1886. *Den første og anden grammatiske af-*

- handling i Snorres Edda.* Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur 16. København.
- Degnbol, Helle. 1985. Hvad en ordbog behøver — og andre ønsker. *Workshop Papers I*, bls. 235–254. The Sixth International Saga Conference 28.7. – 2.8. 1985.
- Driscoll, Matthew James (útg.). 1992. *Sigurðar saga þögla*. The shorter redaction. Edited from AM 596 4to. Rit 34. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Dumville, David N. 1994. Editing Old English Texts for Historians and Other Troublemakers. D. G. Scragg & Paul E. Szarmach (ritstj.):45–52.
- Einar Ól. Sveinsson. 1952. Um handrit Njálssögu. *Skírnir* 126:114–152.
- Einar Ól. Sveinsson (útg.). 1954. Brennu-Njáls saga. *Íslenzk fornrit XII*. Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík.
- Eklund, Sten. 1989. The Traditional or the Stemmatic Editorial Technique? *Kungl. Humanistiska Vetenskaps-Samfundet i Uppsala*. Årsbok 1987–1988, bls. 33–49. Annales Societatis Litterarum Humaniorum Regiae Upsaliensis. Uppsala.
- Elektra – e-manuskripter. *Det Kongelige Bibliotek*. <http://www.kb.dk/elib/mss>.
- Erla Hulda Halldórsdóttir (ritstj.). 2002. 2. *íslenska sögupingið 30. maí – 1. júní 2002*. Ráðstefnur 2. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands – Sagnfræðingafélag Íslands – Sögufélag, Reykjavík.
- Fidjestøl, Bjarne, Odd Einar Haugen & Magnus Rindal (ritstj.). 1988. *Tekstkritisk teori og praksis*. Nordisk symposium i tekstkritikk Godøysund 19.–22. mai 1987. Novus forlag, Oslo.
- Finnur Jónsson (útg.). 1908. Brennu-Njállssaga (Njála). *Altnordische Saga-Bibliothek* 13. Halle a. S.
- Finnur Jónsson (útg.). 1916. *Eirspennill*. Am 47 fol. Nóregs konunga sögur: Magnús góði – Hákon gamli. Den norske historiske kildeskriftskommission, Kristiania.
- Finnur Jónsson. 1918. Udsigt over den norsk-islandske filologis historie. *Festskrift udgivet af Københavns Universitet i anledning af Hans Majestæt Kongens fødselsdag den 26. september 1918*. København.
- Finnur Jónsson. 1931. Handrit og handritalestur og útgáfur. *Skírnir* 105:1–16.
- Finnur Jónsson. 1936. Ævisaga Finns Jónssonar eftir sjálfan hann. *Safn Fræðafelagsins um Ísland og Íslendinga* 10. Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, Kaupmannahöfn.
- Firchow, Evelyn Scherabon & Kaaren Grimstad (útg.). 1989. *Elucidarius in Old Norse Translation*. Rit 36. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
- Fix, Hans. 1985. Wörterbuch und Grammatik als Folgeprodukte der computerunterstützten Textedition. *Workshop Papers I*, bls. 337–345. The Sixth International Saga Conference 28.7. – 2.8. 1985.
- Foulet, Alfred & Mary Blakely Speer. 1979. *On Editing Old French Texts*. The Regents Press of Kansas, Lawrence.
- Frank, Roberta (ritstj.). 1993. *The Politics of Editing Medieval Texts*. Papers given at the twenty-seventh annual Conference on Editorial Problems University of Toronto 1–2 November 1991. AMS Press, New York.
- Frederiksen, Britta Olrik. 1997. Lidt om dansk sproghistorie og editionspraksis før og nu, med et sideblik til det norrøne. Úlfar Bragason (ritstj.): *Íslensk málsga og textafræði*, bls. 22–40. Rit Stofnunar Sigurðar Nordals 3. Reykjavík.
- Glauser, Jürg. 1997. Textüberlieferung und Textbegriff im spätmittelalterlichen Norden: Das Beispiel der Riddarasögur. *Sagas and the Norwegian Experience*.

- Sagaene og Noreg. Preprints. Fortrykk, bls. 189–198. 10. internasjonale sagakonferanse. 10th International Saga Conference. Trondheim, 3. – 9. August 1997. Senter for middelalderstudier, Trondheim.
- Gneuss, Helmut. 1994. Guide to the Editing and Preparation of Texts for the *Dictionary of Old English*. D. G. Scragg & Paul E. Szarmach (ritstj.):7–26.
- Godden, Malcolm. 1977. Old English. A. G. Rigg (ritstj.):9–33.
- Greetham, D. C. (ritstj.). 1995. *Scholarly Editing. A Guide to Research*. The Modern Language Association of America, New York.
- Grimstad, Kaaren. 1985. Editing the OI *Elucidarius* with the Aid of the Computer. *Workshop Papers I*, bls. 373–380. The Sixth International Saga Conference 28.7. – 2.8. 1985.
- Guðvarður Már Gunnlaugsson (útg.). 2000. *Reykjaholtsmáldagi*. Bergur Porgeirsson ritaði forspjall. Margaret Cormack þýddi máldagann. Reykholtskirkja – Snorras-tofa, Reykholti.
- Guðvarður Már Gunnlaugsson. 2001. Leiðbeiningar Árna Magnússonar. *Gripla* 12:95–124.
- Gøbel, Erik. 1987. Danske Handelskompagnier. *Fortid og nutid* 34:242–244.
- Halldór Hermannsson. 1933. Old Icelandic Literature. A Bibliographical Essay. *Icelandica* 23. Cornell University Press, Ithaca.
- Halldór Hermannsson (útg.). 1935. Icelandic Illuminated Manuscripts of the Middle Ages. *Corpus codicum Islandicorum mediæ aevi* 7. Levin & Munksgaard – Ejnar Munksgaard, Copenhagen.
- Haraldur Bernharðsson. 1997. Ritdómur um *Mattheus sögu postula*. (Ólafur Halldórsen útg.). *Skáldskaparmál* 4:254–257.
- Haugen, Odd Einar. 1984. Filologi og tekstkritikk. Eit norrønfilologisk synspunkt på kjerna i filologien. *Eigenproduksjon* 23. [2. opplag 1987.]
- Haugen, Odd Einar. 1988. Norrøn tekstutgjeving ved ein skiljeveg. Refleksjonar etter den sjette internasjonale sagakongressen (Helsingør 28/7–2/8 1985). *Eigenproduksjon* 32, bls. 1–31. Nordisk institutt, Universitetet i Bergen, Bergen.
- Haugen, Odd Einar. 1994. Utgjeving av norrøne tekster i Noreg. Eit historisk overblikk og ei metodisk vurdering. *Nordica Bergensia* 1:137–174.
- Haugen, Odd Einar. 1995. *Constitutio textus*. Intervensjonisme og konservativisme i utgjevinga av norrøne tekster. *Nordica Bergensia* 7:69–99.
- Haugen, Odd Einar. 2000. Fem argument mot filologien. Kristinn Jóhannesson, Karl G. Johansson & Lars Lönnroth (ritstj.): *Den fornnordiska texten i filologisk och litteraturvetenskaplig belysning*. Studier och diskussionsinlägg, bls. 17–26. Gothenburg Old Norse Studies 2. Litteraturvetenskapliga Institutionen, Göteborgs Universitet.
- Haugen, Odd Einar. 2004. Tekstkritikk og tekstfilologi. Væntanleg í Odd Einar Haugen (ritstj.): *Handbok i norrøn filologi*. Landslaget for norskundervisning: Skriftserien. Fagbokforlaget, Bergen.
- Hauksbók udgiven efter de Arnamagnæanske håndskrifter no. 371, 544 og 675, 4° samt forskellige papirhåndskrifter. Det Kongelige nordiske Oldskrift-Selskab, København, 1892–96.
- Hálfðan Einarsson [Halfdan Einersen] (útg.). 1768. *Kongs-Skugg-Sio utlögd a Daunsku og Latinu*. Det Kongelige Speil med Dansk og Latinsk Oversættelse, samt nogle Anmærkninger, Register og Forberedelser. Speculum regale cum interpretatione danica et latina, variis lectionibus, notis &c. Sorøe.

- Hirdskraa i fotolithografisk Gjengivelse efter Tønsbergs Lovbog fra c. 1320.* Det norsk historiske Kildeskriftfond, Christiania, 1895.
- Holmberg, Bente, Britta Olrik Frederiksen & Hanne Ruus (ritstj.). 1989. *Forskningsprofiler udgivet af Selskab for Nordisk Filologi*. Gyldendal, København.
- Holtmark, Anne (útg.). 1931. *En tale mot biskoppene*. En sproglig-historisk undersøkelse. Med facsimilia. Skrifter Utgitt av Det Norske Videnskaps-Akadem i Oslo II. Hist.-Filos. Klasse 1930. No. 9. Utgitt for Fridtjof Nansens Fond. Oslo.
- Hudson, Anne. 1977. Middle English. A. G. Rigg (ritstj.):34–57.
- Indrebø, Gustav (útg.). 1920. *Sverris saga etter Cod. AM 327 4°*. Den Norske Historiske Kildeskriftkommission, Kristiania.
- ÍM I = Skarðsbók. Codex Scardensis. AM 350 fol. Jónas Kristjánsson, Ólafur Hall-dórsson & Sigurður Líndal rituðu formála. *Íslensk miðaldahandrit*. Manuscripta Islandica medii aevi 1. Löberg bókaforlag – Sverrir Kristinsson, Reykjavík, 1981.
- ÍM III = Konungsþók eddukvæða. Codex Regius. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi Gl. kgl. sml. 2365 4to. Vésteinn Ólason rituði inngang. Guðvarður Már Gunnlaugsson ritstýrði textum. *Íslensk miðaldahandrit*. Manuscripta Islandica medii aevi 3. Löberg – Edda, miðlun og útgáfa, Reykjavík, 2001.
- Íslendinga sögur og þættir* 1–3. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson, Örnólfur Thorsson ritstj. Svart á hvítu, Reykjavík, 1987.
- Íslendinga sögur, udgivne efter gamle Haandskrifter I–IV*. Det kongelige nordiske Oldskrift-Selskab, Kjöbenhavn, 1843–1889.
- Íslenzk fornrit* I–. Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík, 1933–.
- Jakob Benediktsson (útg.). 1968. *Íslendingabók*, Landnámabók. *Íslenzk fornrit* I. Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík.
- Jansson, Sven B. F. 1944. *Sagorna om Vinland* 1. Handskrifterna till Erik den rödes saga. Håkan Ohlssons boktryckeri, Lund.
- Jensen, Helle. 1989. Om udgivelse af vestnordiske tekster. Bente Holmberg o.fl. (ritstj.):208–220.
- Johnsen, Oscar Albert (útg.). 1922. *Olafs saga hins helga*. Efter pergamenthaandskrift i Uppsala Universitetsbibliotek, Delagardieske samling nr. 8II. Utgit av Den Norske Historiske Kildeskriftkommission. Kristiania.
- Jorgensen, Peter A. 1993. Producing the Best Text Edition. Herculean and Sisyphean. *Scandinavian Studies* 65(3):329–337.
- Jorgensen, Peter A. (útg.). 1997. *The Story of Jonatas in Iceland*. Rit 45. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Jón Helgason (útg.). 1938. *Byskupa sögur* I. hæfte. Det kongelige nordiske oldskrift-selskab. Ejnar Munksgaard, København. [= *Editiones Arnamagnæanæ* A 13,1.]
- Jón Helgason (útg.). 1942. Úr bréfabókum Brynjólfss biskups Sveinssonar. *Safn Fræðafélagsins um Ísland og Íslendinga* 12. Hið íslenzka fræðafélag í Kaupmannahöfn, Kaupmannahöfn.
- Jón Helgason. 1950. Árnasafn og vísindin. J[akob] B[enediktsson] þýddi. *Tímarit Máls og menningar* 11(3):259–265. [Þýðing á Den Arnamagnæanske Samling og Videnskaben, Politiken, 21. október 1950.]
- Jón Helgason (útg.). 1951a. Eddadigte I. *Völuspá, Hávamál*. *Nordisk filologi*. Tekster og lærebøger til universitetsbrug. A Tekster 4. Ejnar Munksgaard, København.
- Jón Helgason. 1951b. Kongsbókin úr Føroyum. *Útiseti* 6:101–122.
- Jón Helgason. 1952. Blað Landsbókasafns úr Heiðarvíga sögu. *Landsbókasafn Íslands*. Árbók 1950–1951. 7.–8. ár, bls. 127–135. Reykjavík.

- Jón Helgason. 1953. Kvartslampinn í Árnasafni. Samtal við Jón Helgason prfessor. *Samtíðin* 189 (20. árg., 1. hefti, febrúar 1953), bls. 6–10.
- Jón Helgason (útg.). 1954. The Arna-Magnæan Manuscript 551 a, 4<sup>to</sup>. Bárðar saga, Vígundar saga, Grettis saga. *Manuscripta Islandica* 1. Ejnar Munksgaard, Copenhagen.
- Jón Helgason. 1958. *Handritaspjall*. Mál og menning, Reykjavík.
- Jón Helgason. 1984. Et fragment av Kongespeilet. *Festskrift til Ludvig Holm-Olsen på hans 70-årsdag den 9. juni 1984*, bls. 124–141. Alvheim og Eide, Øvre Ervik.
- Jónas Kristjánsson (útg.). 1952. *Valla-Ljóts saga*. Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur 63. København.
- Jónas Kristjánsson (útg.). 1956. Eyfirðinga sögur. Víga-Glúms saga, Qgmundar þátr dytts, Porvalds þátr tasalda, Svarfdæla saga, Porleifs þátr jarsskálds, Valla-Ljóts saga, Sneglu-Halla þátr, Þorgríms þátr Hallasonar. *Íslenzk fornrit* 9. Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík.
- Jónas Kristjánsson (útg.). 1966. Svarfdælasaga. *Rit Handritastofnunar Íslands* 2. Reykjavík.
- Jørgensen, Jon Gunnar. 2002. Sagalitteratur som forskningsmateriale. Utgaver og utnyttelse. *Maal og minne* 2002(1):1–14.
- Keyser, R. & C. R. Unger (útg.). 1851. *Barlaams ok Josaphats saga*. En religiös romantisk Fortælling om Barlaam og Josaphat, oprindelig forfattet paa Græsk i det 8<sup>de</sup> Aarhundrede, senere oversat paa Latin, og herfra igjen i fri Bearbeidelse ved Aar 1200 overført paa Norsk af Kong Haakon Sverressøn. Med lithographeret Skriftproeve. Christiania.
- Kjartan G. Ottósson. 1988. Den isländska språkhistoriens primärkällor och deras användning eller År historisk lingvistik möjlig utan filologi? Jan Svensson (ritstj.): *Nordistiken som vetenskap*. Artiklar om ämnets historia, teorier och metoder, bls. 120–155. Studentlitteratur, Lund.
- Kjær, Albert & Ludvig Holm-Olsen (útg.). 1910–1986. *Det Arnarnagnæanske Haand-skrift 81a Fol. (Skálholtsbók yngsta) indeholdende Sverris saga, Böglunga sögur, Hákonar saga Hákonarsonar*. Udgivet af Den Norske Historiske Kildeskriktkommission / Norsk historisk kjeldeskript-institutt. Kristiania/Oslo.
- Knirk, James E. 1985. The Role of the Editor of a Diplomatic Edition. *Workshop Papers II*, bls. 603–612. The Sixth International Saga Conference 28.7.–2.8. 1985.
- Konráð Gíslason. 1846. *Um frum-parti íslenzkar túngu í fornöld*. Hið Íslenzka Bókmátafjelag, Kaupmannahöfn.
- Konráð Gíslason [Konrad Gíslason] (útg.). 1849. Tvær sögur af Gísla Súrssyni. Forklaring over Qvadene af Dr. S[veinbjörn] Egilsson. Det nordiske Literatur-Samfund, Kjøbenhavn.
- Kålund, Kr. (útg.). 1889–1891. *Laxdæla saga*. Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur 19. København.
- Langebek, Jacobus (útg.). 1772. *Scriptores rerum danicarum medii ævi, partim hactenus inediti, partim emendatius editi* I. Hafniæ.
- Lapidge, Michael. 1991. Textual Criticism and the Literature of Anglo-Saxon England. *Bulletin of the John Rylands University Library of Manchester* 73(1):17–45.
- Larsson, Ludvig (útg.). 1883. *Äldsta delen af cod. 1812 4<sup>to</sup> gml. kgl. samling på Kgl. biblioteket i København*. I diplomatariskt aftryck utgivfen. STUAGNL 9. København.

- de Leeuw van Weenen, Andrea (útg.). 1993. *The Icelandic Homily Book*. Perg. 15 4° in the Royal Library, Stockholm. *Íslensk handrit*. Icelandic Manuscripts. Series in Quarto 3. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Louis-Jensen, Jonna (útg.). 1981. *Trójumanna saga*. The Dares Phrygius Version. *Editiones Arnamagnæanæ A 9*. C. A. Reitzels boghandel, Copenhagen.
- Lundgreen-Nielsen, Flemming. 1989. Udgaver af efterreformatoriske danske tekster. Bente Holmberg o.fl. (ritstj.):238–246.
- Magerøy, Hallvard (útg.). 1988. Soga om birkebeinar og baglar. *Bøglunga sogur*. [2 bindi.] Norsk historisk kjeldeskrift-institutt. *Norrøne tekster 5*. Solum forlag og Kjeldeskriptfondet, Oslo.
- McCarren, Vincent P. & Douglas Moffat (ritstj.). 1998. *A Guide to Editing Middle English*. The University of Michigan Press, Ann Arbor.
- The Menota Handbook*. Guidelines for the electronic encoding of Medieval Nordic primary sources. Version 1.0. Medieval Nordic Text Archive, Bergen, 2003. <http://www.hit.uib.no/menota/guidelines>.
- Minnis, A. J. & Charlotte Brewer (ritstj.). 1992. *Crux and Controversy in Middle English Textual Criticism*. D. S. Brewer, Cambridge.
- Neckel, Gustav (útg.). 1962. *Edda*. Die Lieder des Codex Regius nebst verwandten Denkmälern. I. Text. Vierte, umgearbeitete Auflage von Hans Kuhn. Carl Winther – Universitätsverlag, Heidelberg.
- O'Brien O'Keeffe, Katherine (ritstj.). 1997. *Reading Old English texts*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Ólafur Halldórsson (útg.). 1967. *Færeyinga saga*. Íslenzkar fornbókmenntir. Prentsmiðja Jóns Helgasonar hf, Reykjavík.
- Ólafur Halldórsson (útg.). 1978. *Færeyinga saga*. Íslensk úrvalsrit 13. Iðunn, Reykjavík.
- Ólafur Halldórsson (útg.). 1987. *Færeyinga saga*. Rit 30. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Ólafur Halldórsson. 1988. Tanker om tekstkritiske udgaver. Bjarne Fidjestøl o.fl. (ritstj.):11–23.
- Ólafur Halldórsson (útg.). 1994. *Mattheus saga postula*. Rit 41. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Palæografisk Atlas*. Oldnorsk-islandske afdeling. Kommissionen for det Arnamagnæanske Legat. København – Kristiania, 1905.
- af Petersens, Carl (útg.). 1882. *Jómsvíkinga saga efter arnamagnæanska handskriften N:o 291, 4:to i diplomatariskt aftryck*. STUAGNL 7. København.
- Raasted, Jørgen. 1968. [Útdráttur úr fyrirlestri og umræðum:] Udgiverkunstens teori og praksis. *Selskab for nordisk filologi*. Årsberetning for 1965–1966, bls. 5–9. København.
- Rigg, [A.] George. 1977a. Medieval Latin. A. G. Rigg (ritstj.):107–125.
- Rigg, A. G[eorge] (ritstj.). 1977b. *Editing Medieval Texts English, French, and Latin Written in England*. Papers given at the twelfth annual Conference on Editorial Problems, University of Toronto, 5–6 November 1976. Garland Publishing, New York.
- Rinascimento Virtuale project*. Rinascimento Virtuale. Digitale Palimpsestforschung. Rediscovering written records of a hidden European cultural heritage. <http://www.saunalahti.fi/~ikotivuo/rvr/rvr/index.html>.

- Rindal, Magnus (útg.). 1981. Barlaams ok Josaphats saga. Utgjeven for Kjeldeskriftfondet. Norsk historisk kjeldeskrift-institutt. *Norrøne tekster* 4. Oslo.
- Rumble, Alexander R. 1994. Palaeography and the Editing of Old English Texts. D. G. Scragg & Paul E. Szarmach (ritstj.):39–43.
- Sagnanet*. Íslenskar fornþólmennir. Icelandic medieval literature. Myndir af handritum og bókum sem gefnar voru út fyrir árið 1901. Images of manuscripts and books published before 1901. <http://www.sagnanet.is>.
- Sanders, Christopher (útg.). 2001. *Bevers saga*. With the Text of the Anglo-Norman Boeve de Haumtone. Rit 51. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Scragg, D. G. 1994. Postscript. *Quo vadis, editio?* D. G. Scragg & Paul E. Szarmach (ritstj.): 299–309.
- Scragg, D. G. & Paul E. Szarmach (ritstj.). 1994. *The Editing of Old English*. Papers from the 1990 Manchester Conference. D. S. Brewer, Cambridge.
- Seelow, Hubert (útg.). 1981. *Hálfssaga ok Hálfssrekkja*. Rit 20. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
- Sigurður Nordal (útg.). 1933. Egils saga Skalla-Grímssonar. *Íslensk fornrit* II. Hið íslenzka formritafélag, Reykjavík.
- Snorri Sturluson. 1976. Edda. Gylfaginning og prosaforstellene av Skáldskaparmál. *Nordisk filologi*. Utgitt av Anne Holtsmark & Jón Helgason. 2. utgave. Tekster og lærebøger til universitetsbrug. A Tekster 1. Ejnar Munksgaard, København.
- Stafrænt handritasafn. *Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi*. <http://am.hi.is>.
- Stefán Karlsson. 1979. Skal udgiverens arbejde være omsonst? Fyrirlestur fluttur á málþinginu Synspunkter på tekstdudgivelse á vegum Det arnamagnæanske institut í Kaupmannahöfn 29. maí. [Útdráttur á ensku birtist í *The Arnamagnæan Institute and Dictionary*. Bulletin 12, 1977–79, bls. 16. Copenhagen, 1979.]
- Stefán Karlsson. 1988. Omkring hjælpemidler og uddannelse for tekstdudgivere. Bjarne Fidjestøl o.fl. (ritstj.):116–129.
- Storm, Gustav (útg.). 1893. *Otte Brudstykker af den ældste Saga om Olav den hellige*. Med facsimiler. Det norske historiske Kildeskriftfond, Christiania.
- Sverrir Tómasson. 2002. Er nýja textafræðin ný? Pankar um gamla fræðigrein. *Gripala* 13:199–216.
- Szarmach, Paul E. 1994. Introduction. D. G. Scragg & Paul E. Szarmach (ritstj.):1–6.
- Sørensen, John Kousgård. 1989. Om udgivelse af ældre danske tekster. Bente Holmberg o.fl. (ritstj.):221–237.
- Vésteinn Ólason. 1988. Debattinnlegg til Odd Einar Haugen. Bjarne Fidjestøl o.fl. (ritstj.):98–100.
- Wimmer, Ludv. F. A. & Finnur Jónsson (útg.). 1891. *Håndskriften Nr. 2365 4<sup>to</sup> gl. kgl. Samling på det store kgl. bibliothek i København (Codex regius af den ældre Edda) i fototypisk og diplomatisk gengivelse*. Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur, København.
- Wisén, Theodor (útg.). 1872. *Homiliu-bók*. Isländska Homilier efter en handskrift från tolfte århundradet. Isländska skinnboken 15 qv. å Kungl. Bibliotheket i Stockholm. Lund.
- Wolf, Kirsten. 1991. Ritedómur um *Elucidarius in Old Norse Translation* (Evelyn Scherabon Firchow & Kaaren Grimstad útg.). *Journal of English and Germanic Philology* 90(4):596–598.

- Wolf, Kirsten. 1993. Old Norse—New Philology. *Scandinavian Studies* 65(3):338–348.
- Wolf, Kirsten (útg.). 1995. *Gyðinga saga*. Rit 42. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Wolf, Kirsten (útg.). 2001. *Saga heilagrar Önnu*. Rit 52. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Örnólfur Thorsson. 1990. „Leitin að landinu fagra“. Hugleiðing um rannsóknir á íslenskum fornþókmenntum. *Skáldskaparmál* 1:28–53.

*Guðvarður Már Gunnlaugsson  
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi  
Árnagarði við Suðurgötu  
101 Reykjavík  
gudvardr@hi.is*